ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 12. ágúst 1998 • 32. tbl. • 15. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Sjónvarpstöðin Sýn

Hefur útsendingar á Ísafirði og í Bolungarvík

Sjónvarpsstöðin Sýn hefur hafið útsendingar á Ísafirði, í Hnífsdal og í Bolungarvík og er sent í gegnum UHF-senda sem gerir áskrifendum kleift að ná útsendingum Sýnar og Stöðvar 2 með sama loftnetinu.

Í tilefni þessara nýju landvinninga Sýnar er íbúum fyrrgreindra staða boðið upp á sérstakt áskriftartilboð sem felst í því, að ef greitt er fyrir áskrift fyrir september, fæst útsending Sýnar endurgjaldslaust það sem eftir lifir ágústmánaðar. Samhliða útsendingum Sýnar á framangreindum stöðum hefur Íslenska útvarpsfélagið hafið útsendingar á útvarpsstöðinni Stjörnunni og er útsendingartíðni hennar 102,2.

Útsendingarrás sendisins fyrir Ísafjörð og Hnífsdal er 54 og 25 fyrir Bolungarvík. Í frétt frá Sýn er bent á leiðbeiningarbækling myndlykils og textavarp ÍÚ, síðu 302, þar sem allar upplýsingar er að finna um hvernig á að stilla útsendingarrásina inn í minni myndlykilsins. Allar nánari upplýsingar veitir áskriftardeild Íslenska útvarpsfélagsins í síma 515 6100 (grænt númer 800 6161).

Í frétt frá Sýn segir einnig að enski boltinn byrji á helginni sem og US PGA í golfi.

Ísafjörður

Ný gatnamót

Ný tillaga að hönnun gatnamóta Skutulsfjarðarbrautar og Pollgötu á Ísafirði (við bensínstöðina) liggur nú fyrir bæjaryfirvöldum til skoðunar.

Hvort sem sú tillaga verður samþykkt eða ekki, þá er ákveðið að byrjað verði á framkvæmdum við hin nýju gatnamót næsta vor og þeim lokið næsta sumar. Umrædd tillaga leysir m.a. bílastæðavandamál kirkjunnar að hluta.

Þingeyri

Mikill rússafiskur

Rússneskt flutningaskip kom til Þingeyrar fyrir helgina og landaði á sjöunda hundrað tonnum af „rússafiski“ til vinnslu hjá Rauðsíðu, fyrirtæki Ketils Elíassonar.

Eitthvað af aflanum var steinbítur sem fór til vinnslu í Leiti í Hnífsdal. Annað skip var væntanlegt í gær með um 300 tonn af rússafiski til vinnslu á vegum Ketils á Bíldudal eða Tálknafirði.

Minnismerki úr steini

– rætt við Elís Kjaran Friðfinnsson um vestfirska þrjósku og hörku

Leitin að ódýru sólpallaefni endar hjá Ágústi og Flosa!!!

ÓDÝRAR INNIHURÐIR

FURUFULNINGAHURÐIR M/KÖRMUM

LAKKAÐAR KR. 19.951,- • ÓLAKKAÐAR KR. 18.451,-

EINNIG SLÉTTAR INNIHURÐIR UNDIR MÁLNINGU - M/KARMI KR. 8.487,-

ÁGÚST & FLOSI ehf

BYGGINGAVERKTAKAR

Sími 456 5500

Bæjarins besta

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
☎ 456 4560
456 4564
Netfang prentsmiðju:
hprent@snerpa.is
Stafræn útgáfa:
http://www.snerpa.is/bb

Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson
Blaðamaður:
Hlynur Þór Magnússon
Netfang ritstjórnar:
bb@snerpa.is

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

Aukablað Frjálsrar verslunar um tekjur Íslendinga

Gluggað í skattskrána

Undanfarin ár hefur BB gluggað í álagningarskrár á Vestfjörðum og birt lista yfir tekjur nokkurra vestfirskra einstaklinga sem valdir hafa verið af handahófi. Ákveðið hefur verið að sleppa slíkri úttekt í ár en í þess stað birtir blaðið upplýsingar um tekjur nokkurra Vestfirðinga sem unnar hafa verið úr sérstöku riti Frjálsrar verslunar sem kom út í þessari viku. Áréttað er að um er að ræða skattskyldar tekjur á árinu 1997 og þurfa þær ekki að endurspegla föst laun viðkomandi.

Á lista yfir stjórnendur í fyrirtækjum er Aðalbjörn Jóakimsson fyrrverandi framkvæmdastjóri Bakka hf., í 44. sæti með 726 þúsund króna tekjur að meðaltali á mánuði og Kristján Haraldsson orkubússtjóri er í 70. sæti með 596 þúsund króna tekjur á mánuði. Á lista yfir næstráðendur í fyrirtækjum er Agnar Ebenesersson framkvæmdastjóri Bakka-Þorbjarnar hf., í Bolungarvík í 10. sæti með meðaltekjur á mánuði upp á 655 þúsund krónur og er hann eini Vestfirðingurinn sem er starfandi hjá vestfirsku fyrirtæki sem kemst inn á listann.

Samkvæmt lista yfir tekjur ráðherra og alþingismanna er Gunnlaugur Sigmundsson tekjuhæstur vestfirsku þingmannanna með meðaltekjur upp á 761 þúsund á mánuði, næstur kemur Einar Oddur Kristjánsson með 501 þúsund, þá Einar K. Guðfinnsson með 345 þúsund, þá Kristinn H. Gunnarsson með 318 þúsund og restina rekur Sighvatur Björgvinsson með meðaltekjur upp á 244 þúsund á mánuði. Á lista yfir sveitarstjórnarmenn er Kristján Þór Júlíusson fyrrverandi bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar í þriðja sæti með meðaltekjur á mánuði upp á 618 þúsund og Ólafur Kristjánsson bæjarstjóri í Bolungarvík er í áttunda sæti með 490 þúsund króna meðaltekjur á mánuði.

Á lista yfir aðila vinnumarkaðarins er Þórarinn V. Þórarinsson framkvæmdastjóri VSÍ tekjuhæstur með 639 þúsund króna mánaðartekjur og lægstur er Pétur Sigurðsson forseti Alþýðusambands Vestfjarða með 204 þúsund króna meðaltekjur á mánuði. Á lista yfir lækna er Þorsteinn Jóhannesson yfirlæknir á Ísafirði í fjórða sæti listans með meðalmánaðartekjur upp á 757 þúsund krónur, Ásbjörn Sveinsson lyfsali er í 6. sæti yfir lyfsala með 483 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og sr. Gunnar Björnsson í Holti er í 24. sæti yfir presta landsins með meðalmánaðartekjur upp á 239 þúsund kr. á mánuði.

FRAMHALDSSKÓLI VESTFJARÐA
Pósthólf 97 - 400 Ísafirði

Innritun í öldungadeild

Farið verður af stað með byrjendahóp í öldungadeild framhaldsskólanáms á Ísafirði í haust ef nægileg þátttaka fæst. Nemendur skulu vera orðnir 18 ára og kennsla fer fram á kvöldin eftir kl. 19. Námsgjöld eru kr. 9.000-15.000 á önn. Kennsla hefst 24. ágúst.

Þeir sem vilja skrá sig en hafa enn ekki gert það eru beðnir að hringja næstu daga í síma 456 3599 (á skrifstofutíma) eða í GSM-síma 861 1419.

Skólameistari.

Sveitarfélögin af klakknum

Leiðari

Hin seinni ár hafa nýir ráðherrar félagsmála verið haldnir þeirri sótt að fyrirrennarar þeirra hafi verið flón. Í stöðugum vandræðagangi húsnæðismála á tímum verðbólgu og margra tuga vaxtaprósentu var það yfirleitt fyrsta verk nýs ráðherra að undirbúa byltingu á húsnæðismálabatteríinu. Engum þessara tilskipuðu frelsara hrjáðra húsbyggjenda og kaupenda kom til hugar að skoða gildandi fyrirkomulag með betrumbætur í huga. Nýr ráðherra, nýtt kerfi. Af þessum byltingaleikjum ráðherranna hafa margir mátt súpa seyðið.

Um miðjan síðasta áratug hvatti félagsmálaráðuneytið alla rólfæra Íslendinga til að sækja um húsnæðislán, ef svo skyldi vilja til síðar á ævinni að viðkomandi þyrfti á því að halda. Þetta snjallræði þáverandi ráðherra gat af sér mörg þúsund manna biðröð, sem kerfið réð ekki við og sprakk að lokum. Um leið olli þessi vitleysa því að fjöldi manns, sem þurfti á láni að halda, sat úti í kuldanum, meðan „hinir forsjálu" framlengdu ónýttan lánsrétt sinn, sem þeir, höfðu ekkert með að gera, hvað eftir annað svo misserum skipti. Þessi endemis vitleysa kostaði margar fjölskyldur, sem búnar voru að festa kaup á fasteign, milljónir króna meðan beðið var eftir að húsbréfakerfið, sem tók við af lönguvitleysunni, væri opnað fyrir þeim. Sú bið gat verið í árum talin.

Þegar verkamannabústaðakerfið, sem ómumdeilanlega gerði fjölda fólks kleift að komast í mannsæmandi húsnæði, þótti ekki lengur brúklegt var því á einu bretti sópað í ruslatunnuna í stað þess að huga að nauðsynlegum breytingum. Félagslega íbúðakerfið sá dagsins ljós. Nú, nokkrum árum seinna, er félagslegi unglingurinn á góðri leið með að setja mörg sveitarfélög á hausinn. Tilgangurinn með félagslega kerfinu var eflaust vel meintur. Hitt hefði átt að vera einfalt reikningsdæmi, að fólk, sem ekki hafði ráð á að eignast þak yfir höfuðið í almenna kerfinu, var ekki fært um að taka á sig meiri skuldabyrðar við það eitt að lánin væru nefnd öðru nafni.
Veldur hver á heldur. Ríkið stofnaði til félagslega íbúðakerfisins.

Forsjálni sveitarfélaga var ekki til að dreifa, þau keppust við að ná sem flestum íbúðum til sín. Byggja, byggja. Um þetta tjóar ekki að fást. Skaðinn er skeður. Á vandanum sem kaupskyldan í félagslega íbúðarkerfinu hefur kallað yfir fjölmörg sveitarfélög verður að taka. Það stendur ekkert sveitarfélag undir því að eiga og reka fasteignir, sem að söluverðmæti eru hálfvirði bókfærðs kostnaðar.

Til lausnar er aðeins ein leið: Afskrifa íbúðirnar niður í gangverð og selja síðan. Að velta vandanum á undan sér leiðir til þess eins að sökkva dýpra í fenið. Síðan verður að huga að því hvaða leiðir eru færar til að hjálpa því fólki að komast í húsnæði, sem ekki hefur bolmagn til þess eftir almenna kerfinu. Víða erlendis gegna bankar þessu hlutverki.

Sveitarfélögin verður að taka niður af félagslega íbúðaklakknum áður en allt snarast um.

s.h.

Líflátshótanir í rannsókn hjá Ríkislögreglustjóra

Kona á Ísafirði handtekin

Í bréfum sem póstlögð voru á Ísafirði fyrir skömmu var forseta Íslands og forsætisráðherra hótað lífláti, ef sýslumanninum á Ísafirði yrði ekki vikið úr starfi. Í síðustu viku var kona á Ísafirði handtekin í tengslum við rannsókn málsins. Vegna þess að sýslumaðurinn á Ísafirði var tilgreindur í bréfunum annast hann ekki rannsóknina, heldur ríkislögreglustjóri, en hann fól lögreglunni á Ísafirði ákveðna þætti hennar.

Ríkislögreglustjóri óskaði eftir því við héraðsdóm Reykjavíkur, að upp væri kveðinn úrskurður um húsleit, sem var heimiluð, og fór hún fram undir stjórn ríkislögreglustjóra og án afskipta sýslumannsins á Ísafirði. Einnig voru tekin rithandarsýnishorn hjá konunni og blóðsýni. Að húsrannsókn lokinni var konunni sleppt, en ríkislögreglustjóri fór ekki fram á úrskurð um gæsluvarðhald. Enginn hefur játað á sig ritun eða sendingu bréfanna. Rannsókn er ekki lokið. Konan hefur sakað lögregluna um að hafa beitt sig harðræði.

Þetta mál kom fyrst fram opinberlega í fréttum Stöðvar 2 sl. laugardagskvöld, en þar var viðtal við konuna sem handtekin var. Í frétt Stöðvar 2 var því haldið fram, að ýmsir sem tengist þessu máli hafi viljað koma í veg fyrir fréttaflutning af því.

Lögreglan gefur ekki að sinni frekari upplýsingar um málið en fram koma hér að framan. Þar sem fréttaflutningur Stöðvar 2 var algerlega einhliða og vakti fleiri spurningar en hann svaraði, hefur blaðið grafist fyrir um forsögu þessa máls og ástæður þess að viðkomandi kona er grunuð um sendingu bréfanna. Niðurstaða þeirra eftirgrennslana er á þann veg, að blaðið telur alls ekki rétt að birta forsöguna, en þar er um mjög persónuleg og erfið mál að ræða sem staðið hafa lengi. Hins vegar virðist ljóst, að vinnubrögð Stöðvar 2 í þessu máli hafi verið ákaflega óvönduð. Hafi ætlunin ekki verið að koma með æsifrétt heldur að leggja viðkomandi konu lið með þessum fréttaflutningi og sjónvarpsviðtali við hana, þá er ekki óhugsandi að sá góði tilgangur geti snúist upp í andhverfu sína. Einnig er ljóst, að lögreglan getur með engu móti rakið opinberlega forsögu þessa máls og ástæður þess að konan liggur undir grun á meðan rannsókn stendur yfir. Hins vegar benda athuganir blaðsins á málinu eindregið til þess, að ríkar ástæður séu fyrir þeim grun sem á konuna hefur fallið, hvort sem sá grunur reynist á rökum reistur eða ekki.

Ísafjarðarbær

Engin Ísafjarðarhátíð

Snemma í vor var ákveðin dagsetning fyrir Ísafjarðarhátíð sem hefur verið árlegur viðburður síðustu árin. Síðan komu upp erfiðleikar við að fá mannskap til skipulagningar og hún var slegin af, en aftur komu upp áform um að hún yrði haldin um miðjan ágúst, þ.e. um næstu helgi. Nú er aftur hætt við af ýmsum ástæðum og verður því engin Ísafjarðarhátíð haldin að þessu sinni.

Ísafjarðarbær

Íslandsflug ekki að íhuga Ísafjarðarflug á ný

Margir hafa kvartað sáran undan óstundvísi og óáreiðanleika Flugfélags Íslands í Ísafjarðarflugi í sumar, eftir að Íslandsflug hætti ferðum til Ísafjarðar. Málið er komið inn á borð bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, sem er að láta safna gögnum og ætlar að láta það til sín taka. Þjónustufulltrúi Flugfélags Íslands syðra heldur því fram, að stundvísi félagsins í Ísafjarðarfluginu sé vel yfir meðaltali á flugleiðum innanlands. „Það hefur engin beiðni eða áskorun komið til okkar um að hefja aftur flug til Ísafjarðar og á meðan erum við ekki með nein áform um slíkt", sagði Ómar Benediktsson, framkvæmdastjóri Íslandsflugs í samtali við blaðið í gær. „Við erum hins vegar opnir fyrir öllu og myndum skoða málið ef einhver áhugi virtist fyrir því. Við erum einfaldlega í viðskiptum og markaðurinn hlýtur að ráða ferðinni."

Hálf öld er liðin!

Olíusamlag útvegsmanna var stofnað 30. júlí 1948. Stofnendur voru öll helstu útgerðarfélög Ísafjarðar og var tilgangurinn að ná hagstæðari kjörum á olíu. Fyrsta verk samlagsins var að láta byggja 380 smálesta olíugeymi. Vélsmiðjan Þór sá um verkið.

Fyrsti stjórnarformaður fyrirtækisins var Arngrímur Fr. Bjarnason kaupmaður, en aðrir í fyrstu stjórninni voru Birgir Finnsson forstjóri Samvinnufélags Ísfirðinga og Kjartan J. Jóhannsson læknir.

Árið 1950 var samið við Olíuverslun Íslands og Shell um að samlagið tæki við umboðum þeirra. Þá verður Rögnvaldur Jónsson, sem verið hafði umboðsmaður Shell, framkvæmdastjóri og starfsemi flyst í Aðalstræti 16. Vignir Jónsson tekur við af Rögnvaldi árið 1968.

Árið 1954 er reistur mikilvægur svartolíugeymir sem kemur í veg fyrir að togarar bæjarins þurfi að sigla suður í Hvalfjörð eftir olíu.

Árið 1982 flyst starfsemin í Hafnarhúsið og stækkar þá verslunin umtalsvert. Árið eftir tekur félagið við umboði fyrir Tryggingamiðstöðina. Fyrirtækinu var breytt í hlutafélag 1984 og heitir síðan Olíufélag útvegsmanna hf.

Heitt á könnunni!

Í tilefni af 50 ára afmæli fyrirtækisins verður boðið upp á kaffi og tertu í verslun okkar, Hafnarbúðinni, föstudaginn 14. ágúst frá kl. 8 - 18.

Afsláttur!

af öllum vörum nema olíuvörum.
Aðeins þennan eina dag!

Olíufélag útvegsmanna hf
Hafnarhúsinu, Ísafirði, sími 456 3245

Vestfirðir

Stjórnmálasögusafn í undirbúningi

– kallað eftir sögulegum hlutum, myndum og bréfum á safnið

Sagnfræðingarnir Jóna Símonía Bjarnadóttir og Svavar Guðmundsson í skjalageymlu og bókasafni Héraðsskjalasafnsins í kjallara gamla sjúkrahússins (nýja safnahússins) á Ísafirði.

Í sumar er verið að vinna frumvinnuna í undirbúningi að stofnun Stjórnmálasögusafns Vestfjarða. Starfsmaður er ungur sagnfræðingur, Svavar Guðmundsson, sem kom til Ísafjarðar fyrir einu ári til að kenna við grunnskólann, en umsjónarmaður verksins er Jóna Símonía Bjarnadóttir, sagnfræðingur og skjalavörður á Ísafirði. Hugmyndin kom frá Þórunni Gestsdóttur, þáverandi aðstoðarmanni bæjarstjóra. Verkið í sumar er unnið fyrir þriggja mánaða styrk frá Nýsköpunarsjóði, sem Dorothee Lubecki sótti um til þessa verkefnis, „en við vonumst til að fá framhaldsstyrk á næsta ári“, segir Jóna Símonía.

„Nú langar okkur að fara að sjá og fá til varðveislu einhverja sögulega hluti úr eigu vestfirskra stjórnmálaskörunga eða sem snerta ákveðna viðburði í stjórnmálasögu Vestfjarða, svo og ljósmyndir og einkabréf, sem ættu heima á slíku safni. Við viljum endilega heyra frá fólki sem þykir ekki svo vænt um (eða þykir svo vænt um) slíka hluti að það vilji láta safninu þá í té. Það er í rauninni lygilegt hvað minnstu hlutir geta verið merkilegir í þessum efnum“, segja Svavar og Jóna Símonía. „Um þessar mundir er ég aðallega að vinna í stjórnmálasögu Ísafjarðar frá stofnun bæjarstjórnar árið 1866 þegar Ísafjörður hlaut kaupstaðarréttindi í annað sinn og fram á okkar daga, þó að heldur virðist dofna yfir pólitíkinni hér síðustu áratugina“, segir Svavar. „Jafnvel hef ég verið að gæla við þá hugmynd að byrja árið 1786 þegar Ísafjörður fær kaupstaðarréttindi hið fyrra sinnið og einokunarverslun er afnumin, a.m.k. í orði kveðnu. Meðal annars verður lögð sérstök áhersla á einstaklinga sem hafa skarað fram úr í pólitíkinni, svo sem Þorvald Jónsson lækni, Hannes Hafstein og Hannibal Valdimarsson, svo einhverjir séu nefndir. Ekki er ljóst hvort Jóni Sigurðssyni verða gerð skil á þessu safni, þar eð á Hrafnseyri er sérstakt safn og ágætt helgað honum.“

Vinnan er ekki langt komin og verkið í raun mun viðameira en margir kynnu að ætla, að sögn Svavars, og mikinn tíma tekur að fara gegnum skjöl og aðrar heimildir. Blöð eins og Þjóðvilji Skúla Thoroddsens og Skutull séra Guðmundar frá Gufudal og fleiri eiga vissulega sinn veglega sess í stjórnmálabaráttunni. „Og það eitt að hanna safn er margra mánaða vinna“, segir Jóna Símonía.

Ekkert er enn ákveðið hvar þetta safn yrði til húsa. Upphaflega horfði Þórunn Gestsdóttir til gamla barnaskólans á Ísafirði – „en hugsanlega verður þetta líka sett upp sem færanleg sýning“, segir Jóna Símonía. „Einnig getur það orðið hluti af Byggðasafni Vestfjarða, ef rætist úr húsnæðismálum þess. Þetta safn á að höfða bæði til bæði sjónar og heyrnar – þú horfir á myndir og hlustar, í stað þess að standa og lesa endalausa skýringartexta.“

Að sögn Jónu Símoníu og Svavars hefur Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, lýst miklum áhuga á verkefninu, enda er það honum vissulega persónulega mjög skylt, og má hann kallast óopinber stuðningsmaður þess. Ef safnið þetta kemst á laggirnar er ekki vafi á því að það verður mjög skemmtilegt ekki síður en fróðlegt, enda er stjórnmálasaga Vestfjarða langtum líflegri og átökin hatrammari en í öðrum landshlutum. Þar þarf naumast að nefna fleira en stöðugan ágreining og karp Stefáns Bjarnarsonar bæjarfógeta við bæjarstjórn eftir stofnun hennar 1866, oft um keisarans skegg eftir því sem nú virðist, eða afleiðingar Skúlamála undir lok aldarinnar. „Safn þetta yrði afar áhugavert fyrir ferðamenn“, segir Jóna Símonía.

„Ísfirðingur“ skrifar:

Ekki Íslandsflug!

Nú eru Ísfirðingar vælandi og emjandi yfir óstundvísi og vondri þjónustu Flugfélags Íslands, eftir að Íslandsflug hætti áætlunarflugi til Ísafjarðar. Þeim var nær, verð ég bara að segja. Þegar einokun var aflétt og Íslandsflug kom til skjalanna í áætlunarflugi lækkuðu fargjöldin skyndilega um helming. En skyldu Ísfirðingar hafa metið það einhvers við Íslandsflug? Svarið er nei. Aðrir landsmenn tóku fagnandi þessari kjarabót sem Íslandsflug kom til leiðar, en það gerðu Ísfirðingar ekki. Þeir fóru áfram á sinn venjulega bás eins og beljurnar. Á þessari flugleið var Íslandsflug með einn og tvo farþega í ferð og því var þessu sjálfhætt.

En núna væla Ísfirðingar og vilja fá Íslandsflug aftur. Mér finnst það alveg fráleitt. Íslandsflug á að láta Ísafjörð eiga sig. Það á ekki að dekstra fólk. Sá sem vill ekki þegar hann má, hann á ekki að fá þegar hann vill.

Ekki ætti að þurfa að taka fram, sem Ísfirðingar vita, að hér er ekki við hina ágætu og samviskusömu starfsmenn Flugfélags Íslands á Ísafirði að sakast. Ég samhryggist þeim hreinlega að standa í þessu.

Ísfirðingur.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI

456 3940 & 456 3244 • 456 4547 • Netfang: tryggvi@snerpa.is

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

Bakkavegur 39: 201m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innb. bílskúr. *Áhv. ca. 845 þús.* **Verð kr. 13,500,000,-**
Góuholt 1: 142m² einb.hús í góðu standi á einni hæð ásamt bílskúr. *Laust strax. Áhv. um 5,8 millj.* **Verð kr. 11,600.000,-**
Góuholt 3: 140,7 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. *Möguleg skipti á minni eign. Áhv. ca. 2,7 millj.* **Verð kr. 12,000,000,-**
Hafraholt 10: 144,4 m² enda raðhús á tveimur hæðum ásamt 22,4 m² bílskúr. *Áhv. ca. 2,8 millj.* **Verð kr. 9,300,000,-**
Hafraholt 22: 144,4 m² enda raðhús á tveimur hæðum ásamt 22,4 m² bílskúr. *Áhv. ca. 2,5 millj.* **Verð kr. 9,500,000,-**
Hjallavegur 19: 242m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. *Sér íbúð á n.h. Ýmis skipti möguleg. Áhv. ca. 5 millj.* **Verð kr. 11,500,000,-**
Kjarrholt 2: 173,6 m² einbýlishús á einni hæð ásamt góðum tvöföldum bílskúr. *Áhv. ca. 3,7 millj.* **Verð kr. 13,200,000,-**
Móholt 3: 142,4 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. *Áhv. ca. 2,2 millj. Möguleiki á að lán fylgi upp á 7,1 millj.* **Verð kr. 11,000,000,-**
Silfurgata 9: 150 m² einb.hús á 2 hæðum + *geymslą, kjallari, skúr og góður garður. Áhv. ca. 2,6. Mögul. á sölu m/yfirtöku fl. lána, engin útborgun* **Verð kr. 6,900,000,-**
Skipagata 11: 78,4 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt eignarlóð. *Áhv. ca. 1,7 millj.* **Verð kr. 4,500,000,-**
Stakkanes 4: 144 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. *Skipti möguleg á eign á Eyrinni. Áhv. ca. 3,5 millj.* **Verð kr.9,900,000,-**
Sunnuholt 6: 231,7m² einb.hús á 2 hæðum ásamt bílskúr. *Skipti á minni eign möguleg. Í kjallara er 60m² einstaklingsíbúð.* **Verð kr. 13,500.000,-**
Tangagata 15b: 103 m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt geymsluskúr (nýtist sem herbergi). *Laust fljótl. Áhv. ca. 3,3 millj.* **Verð kr. 6,200,000,-**
Urðarvegur 26: 236.9 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. *Ekkert áhvílandi.* **Verð kr. 11,800,000,-**

4-6 herbergja íbúðir

Fjarðarstræti 38: 130 m² 4ra herb. íbúð á tveimur hæðum í þríbýlishúsi. Áhv. ca. 3,4 millj. *Möguleiki á lánum að fjárhæð 4,9 millj.* **Verð kr. 7,000,000,-**
Hjallavegur 12: 113,9 m² 4-5 herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. *Áhv. ca. 1,9 millj.* **Verð kr. 5,500,000,**
Pólgata 5a: 121m² glæsileg 4 herb. íbúð á n.h. í þríb.húsi ásamt bílskúr og helm. kjallara. *Íbúðin er nýlega uppgerð.* **Verð kr. 5,900.000,-**
Pólgata 5a: 127,7 m² 5 herbergja íbúð á e.h. í þríbýlishúsi ásamt helmingi kjallara **Verð kr. 6,000,000,-**
Seljalandsv. 20: 161,2 m² 5-6 herb. íbúð á efri hæð í tvíb.húsi ásamt bílskúr. *Íbúðin mikið uppgerð. Áhv. ca. 5,2 millj.* **Verð kr. 10,700,000,-**
Silfurtorg 1: 104 m² 4-5 herb. íbúð ásamt 45 m² íbúðarlofti og hluta kjallara. *Mikið uppgerð. Áhv. ca. 3,8 millj.* **Verð kr. 8,000,000,-**
Stórholt 9: 164,30 m² 6 herb. íbúð á 1. h.t.v. ásamt kjallara m/sér inngangi. *Hægt er að ganga í garð af svölum. Áhv. ca. 3,8 millj.* **Verð kr. 8,000,000,-**
Stórholt 13: 123 m² íbúð á 3ju hæð í fjölbýli ásamt bílskúr. *Verið er að gera íbúðina upp. Áhv. ca. 567 þús.* **Verð kr. 7,800,000,-**
Tangagata 8a: 106,5 m² 4-5 herbergja íbúð á þremur hæðum. **Tilboð.**
Túngata 18: 89,2 m² 4ra herb. íbúð í fjölb.húsi í góðu standi. *Húsið allt uppgert. Mögul.sk. á minni eign. Áhv. ca. 3,6 millj.* **Verð kr. 6,900,000,-**
Túngata 21: 77,8m² 4 herb. risíbúð á 3. hæð í þríbýlishúsi. *Ný viðgert þak. Áhvílandi 600 þúsund.* **Verð kr. 5,600.000,-**

Túngata 21:
84,9m² íbúð á 1. hæð í þríb.húsi ásamt bílskúr. Áhv. um 3,8 millj. Möguleiki á sölu m/200 þús. útborgun og rest í júlí ´99.

3ja herbergja íbúðir

Aðalstræti 20: 98 m² íbúð á 2. hæð t.h. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Áhv. ca. 4,2 millj. **Verð kr. 7,200,000,-**
Brunngata 12a: 68 m² íbúð á efri hæð, að hluta undir risi, í tvíb.húsi ásamt sér geymslu. *Áhv. ca. 2 millj.* **Verð kr. 3,000,000,-**
Sólgata 8: 80 m² íbúð á neðri hæð í þríbýlishúsi. *Möguleg skipti á stærri eign. Áhv. ca. 3 millj.* **Verð kr. 5,800,000,-**
Stórholt 13: 86,3 m² íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu og bílskúr **Verð kr. 6,200,000,-**

2ja herbergja íbúðir

Grundargata 2: 50,5m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. **Verð kr. 3,800.000,-**
Hlíðarvegur 18: 64,5 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. *Áhv. ca. 1,7 millj.* **Tilboð.**
Túngata 18: 53,4 m² íbúð í góðu standi á 3ju hæð fyrir miðju í nýlega uppgerðu fjölbýlishúsi. *Sér geymsla. Áhv. ca. 400 þús.* **Verð kr. 5,500,000,-**
Túngata 20: 53,4 m² íbúð á 3. hæð í fjölb.húsi í góðu standi. *Húsið nýlega gert upp að utan. Áhv. ca. 2 millj.* **Verð kr. 4,900,000,-**

Óvenjuleg hjónavígsla fór fram í Ísafjarðarkirkju

Brúðkaup og skírn með tveimur prestum á þremur tungumálum

Hjónavígsla á þremur tungumálum. Barbara og Einar hlýða á prestana sr. Alexander og sr. Magnús Erlingsson, sóknarprest á Ísafirði.

Það var óneitanlega sérstæð athöfn sem fór fram í Ísafjarðarkirkju á laugardaginn, þegar þau Einar Gunnlaugsson og Barbara Maria Wittstock voru gefin saman í hjónaband og dóttir þeirra jafnframt skírð Kolfinna Brá. Brúðurin er pólsk að uppruna og kaþólskrar trúar en Einar er Ísfirðingur og lútherstrúar. Prestarnir voru því tveir, annar lútherskur, séra Magnús Erlingsson sóknarprestur á Ísafirði, en hinn kaþólskur, séra Alexander Michalski, pólskur prestur frá kaþólska umdæminu í Reykjavík.

Tungumálin sem notuð voru við athöfnina voru þrjú. Sr. Magnús kann ekki pólsku og sr. Alexander kann ekki íslensku, og þess vegna fóru embættisverkin fram á þremur tungumálum, áðurnefndum tungumálum tveimur og þar að auki á ensku.

Systur Einars varð að orði við bróður sinn við þetta tækifæri: Það þurfti flugvél til að koma þér í heiminn og tvo presta til að gifta þig! – en Einar fæddist fyrir tímann og þurfti þá að kveðja til sjúkraflugvél.

Skírn með tveimur prestum. Lengst til vinstri er Kolfinna Brá litla ásamt guðforeldrunum Miroskawa Wittstock, systur Barböru, og Ian William Gray, síðan koma Einar og Barbara og loks sr. Magnús Erlingsson og sr. Alexander Michalski.

Framvegis mun brúðurin bera nafn eiginmannsins og heita Barbara María Gunnlaugsson. Fyrir á hún eina dóttur sem heitir Patrycja og er að verða níu ára. Einar Gunnlaugsson er sonur Gunnlaugs Einarssonar í Netagerð Vestfjarða og Önnu Lóu Guðmundsdóttur af Góustaðaætt. Þau Barbara og Einar eiga Efnalaugina Albert á Ísafirði og sér eiginkonan um rekstur.

ÍSAFJARÐARBÆR

GRUNNSKÓLINN Á ÍSAFIRÐI

Óskum eftir að ráða fólk til eftirtalinna starfa næsta haust:

Kennslu:

Heimilisfræði (3.-7.bekk) frá 1. september til áramóta.

Almenn kennsla á yngsta og miðstigi (2.-6.bekkur).

Sérkennsla í öllum árgöngum.

Tónmennt á yngsta og miðstigi (1.-7. bekkur).

Starfsfólk við heilsdagsskóla. Um er að ræða hlutastörf eftir hádegi. Æskilegt er að viðkomandi hafi uppeldismenntun eða reynslu af að vinna með hópi barna.

Umönnun fatlaðs barns. Starfið felst í umsjón og þjálfun/kennslu mikið fatlaðs barns.

Skólaliða. Um er að ræða tvær stöður. ***Skólaliði*** er starfsmaður skóla sem sinnir ýmsum störfum öðrum en kennslu. Hann vinnur sem stuðningsfulltrúi (fylgir nemanda í kennslustundir og frímínútur), sinnir þrifum, eftirliti með nemendum, annast viðhald og varðveislu kennslugagna og muna skólans, aðstoðar á bókasafni, skrifstofu og í eldhúsi eftir því sem þörf er hverju sinni.

Nánari upplýsingar veita skólastjóri og aðstoðarskólastjóri í síma 456 3044 (skólinn), 456 4305, 899 6305 (Kristinn Breiðfjörð), 456 4132 (Jónína Ólöf). Umsóknir sendist skólastjóra á eyðublöðum sem fást í skólanum og á skrifstofu Ísafjarðarbæjar.

Skólastjóri.

Sparisjóðsstjórarnir á Þingeyri og í Bolungarvík, þeir Angantýr Jónasson og Sólberg Jónsson mættu að sjálfsögðu í afmælisveisluna.

Flateyri

Sparisjóðurinn áttræður

Á sunnudag varð Sparisjóður Önundarfjarðar áttræður. Af því tilefni efndi sjóðurinn til fjölskylduskemmtunar við íþróttamiðstöðina á Flateyri þar sem mættu fjölmargir viðskiptavinir sparisjóðsins og velunnarar.

Meðal þess sem boðið var uppá á skemmtuninni voru gamanmál, harmonikkutónlist og popptónleikar auk grillveislu að hætti hússins. Ljósmyndari blaðsins var á staðnum og tók þar meðfylgjandi myndir.

Sparisjóðsstjórinn Eiríkur Finnur Greipsson stóð í ströngu við að halda utan um dagskrána sem og að dreifa sleikibrjóstsykri til yngstu kynslóðarinnar.

Félagar úr Kiwanisklúbbnum Þorfinni og Lionsklúbbi Önundarfjarðar höfðu í nógu að snúast við að grilla ofan í gesti.

FRAMHALDSSKÓLI VESTFJARÐA

Pósthólf 97 - 400 Ísafirði

Ræstitæknir

Við Framhaldsskóla Vestfjarða á Ísafirði er frá og með 20. ágúst 1998 laus staða ræstitæknis, sem telst vera tæplega fullt starf.

Upplýsingar, m.a. um launakjör, veita skólameistari í síma 456 4540 eða 861 1419 eða húsvörður í síma 456 3797.

Skólameistari.

Til sölu

Vélbáturinn Gnýr ÍS 515 er til sölu. Tilboð óskast.

Högni Þórðarson, sími 456 3144

SVÆÐISSKRIFSTOFA MÁLEFNA FATLAÐRA

Áhugaverð atvinna í boði

Starfsfólk óskast á sambýlin Bræðratungu. Um er að ræða 75% stöðu á næturvöktum og 20% stöður á helgarvöktum. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf 24. ágúst. Launakjör samkvæmt aðlögunarnefndarsamningi svæðisskrifstofa og SFR.

Umsóknum skal skilað á Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, Mjallargötu 1, Ísafirði, á eyðublöðum sem þar fást. Öllum umsóknum verður svarað. Umsóknarfrestur er til 19. ágúst nk. Aldurstakmark er 18 ár.

Allar nánari upplýsingar veitir Sóley Veturliðadóttir í símum 456 3290 og 456 5224.

Elís Kjaran Friðfinnsson á Þingeyri er landskunnur fyrir tvennt: Annars vegar er hann í hópi liprustu hagyrðinga, enda þótt hann geri afar lítið úr því sjálfur, og hins vegar hefur hann skapað sjálfum sér eitthvert stórbrotnasta minnismerki úr steini, sem um getur. Það er Svalvogavegurinn frægi, sem gleymist engum er farið hefur. Í fyrsta lagi hlýtur sá maður að vera öðruvísi en fólk flest, sem lætur sér yfirleitt detta í hug að leggja slíkan veg í þverhníptu bjargi á enda veraldar, hvað þá að koma einn og óstuddur slíkri hugsjón í framkvæmd.

Minnis

– rætt við Elís Kjaran

Húsið að Hafnarstræti 3 á Þingeyri er gamalt og þó nýtt. Þegar Elís Kjaran eignaðist þetta hús var það í niðurníðslu og mjög illa farið og þótti ráðlegast að rífa það. En það er með húsið eins og veginn um Hrafnholurnar utan í Helgafelli á leiðinni út í Svalvoga – Elli Kjaran var í því efni eins og öðrum þveröfugur við aðra menn. Hann reif ekki húsið heldur tók það í gegn „frá a til ö“ með dyggri aðstoð Katrínar Gunnarsdóttur sambýliskonu sinnar og ýmissa góðra manna og nú er þetta hús allt hið glæsilegasta, jafnt að utan sem innan.

Þegar undirritaður heimsækir Elís Kjaran í gamla húsinu nýja og vill fræðast um veginn fræga og þann einkennilega mann sem lagði hann, ber hann sig heldur illa og segist vera orðinn kalkaður og andskoti gleyminn. Ekki verður þess þó vart í samræðum okkar.

Yngstur tólf systkina í sveit

Elís Kjaran Friðfinnsson er fæddur 19. nóvember 1928 að Kjaransstöðum í Dýrafirði, yngstur af tólf systkinum. „Að sjálfsögðu ólst ég þar upp við almenn störf eins og aðrir krakkar í sveitum þessa lands. Þar var almennur búskapur, aðallega sauðfé til lífsviðurværis og svo kýr til heimilisnota, venjulega þrjár. Kjaransstaðir eru ekki stór jörð, þar var ekkert stórbýli. Jörðin var talin tólf hundruð að fornu mati og frekar erfitt um ræktun. Þegar ég var að alast upp var stöðugt verið að reyna að vinna fyrir framtíðina. Maður horfir á það núna með spurn í huga, þegar maður vann við það alla daga að rífa grjót upp úr óræktarholtum til að reyna að láta spretta þar gras í staðinn, og hélt sig vera að gera landi og þjóð mikið gagn. Samkvæmt nýjustu kenningum vísindamannanna er nú verið að moka ofan í skurðina sem grafnir voru um og eftir miðja öldina til þess að hægt væri að rækta landið til nytja. Maður er dálítið hissa á þessu öllu saman. Og hvort það sem er verið að gera í dag er einmitt það rétta – ég er ekkert viss á því.“

Breytingar á gildismati

Og við ræðum þær breytingar á tíðaranda og gildismati, sem sífellt verða í áranna og aldanna rás. Við vitum það báðir af eigin reynslu, enda báðir fæddir og aldir upp í sveit við framfarahug þeirra tíma, að þeir sem ræstu fram landið til ræktunar á sinni tíð gerðu það í góðri trú en ekki af neinni skemmdarfýsn – bændur voru að bæta landkosti fyrir sjálfa sig og fjölskyldur sínar og fyrir komandi kynslóðir, þó að nú um stundir sé í tísku að úthrópa þá sem misendismenn og böðla náttúrunnar. „Ég efast um að þeir séu í betri trú um sínar gjörðir, sem í dag eru að moka aftur ofan í skurðina“, segir Elís. „Ætli það sé nú ekki sýndarmennska að einhverju leyti, en það er nú önnur saga.“

– Barnahópurinn á Kjaransstöðum var ákaflega stór, eins og altítt var um byggðir landsins á fyrri tíð, og það hefur væntanlega verið stutt á milli systkina...

„Já, það gekk allt eins og á færibandi í sveitinni í þá daga. Börnin fæddust nokkurn veginn með réttu millibili, eitt og hálft og mest tvö ár á milli. Svo fóru náttúrlega þau elstu að heiman til að vinna fyrir sjálfum sér og létta undir með fjölskyldunni. En ég var yngstur og þess vegna má segja að ég hafi orðið eftir í hreiðrinu þegar hinir ungarnir voru flognir brott að mestu leyti“, segir Elís.

Ætt og uppruni

„Móðir mín var Jóhanna Jónsdóttir, fædd hér í Grasi á Þingeyri, en átti annars ættir hér um Vestfirðina, bæði í Dýrafirði og Arnarfirði og víðar. Móðir hennar var ein heimasætan á Horni í Arnarfirði, Guðný Halldórsdóttir. Faðir minn er aftur á móti fæddur á Kjaransstöðum, Friðfinnur Þórðarson, sonur Þórðar Kristjánssonar, sem þar bjó þá. Árið 1948 eða 1949 má segja að við tveir bræðurnir tökum við búinu. Pabbi deyr svo árið 1950 og þá erum við orðnir ábyrgir fyrir þessu, Óskar heitinn bróðir minn og ég. Svo fluttist hann hingað út á Þingeyri, því að hann stundaði vörubílaakstur og aðra vinnu, en ég varð eftir á Kjaransstöðum. Þá var ég um það leyti að fá mér konu, sem var Karitas Jónsdóttir frá Múla í Kirkjubólsdal hér í Dýrafirði, dóttir Jóns Samsonarsonar og Ragnheiðar Guðjónsdóttur. Við bjuggum síðan um aldarfjórðung á Kjaransstöðum og eignuðumst sex börn sem komust upp og eru núna fljúgandi hér og þar, ýmist flutt suður eða í störfum hingað og þangað.“

Breytingar í vegagerð

„Svo gerðist það, að ég fór að vinna smávegis á jarðýtu hjá Vegagerðinni ásamt með búskapnum. Verkstjóri hér var þá Gestur Magnússon. Þá var flest öðruvísi í vegagerðinni en nú tíðkast. Verkstjórarnir héldu úti vinnuflokki á sumrin og allt var smátækara í sniðum en er í dag og ennþá var unnið mikið með handverkfærum. En þá var nú líka ýmislegt sem mér finnst heilbrigðara. Þá voru kannski allt upp í tíutólf manns í vinnu hjá einum verkstjóra, en núna hefur þetta eiginlega alveg snúist við, eins og mér virðist það vera til dæmis á Ísafirði. Þar eru tíu eða fimmtán manns inni á skrifstofu alla daga en úti eru kannski tveir eða þrír menn að vinna. Maður skilur nú ekki alveg hvort þetta er rétt þróun, gagnvart þeim sem þurfa að njóta veganna. Stundum finnst manni eins og þessir forystumenn Vegagerðarinnar séu einhverjir drottnar yfir vegunum og við fáum bara náðarsamlegast að ferðast um þá ef þeim þykir svo henta.“

Gamla-Slöpp

„Ég starfaði hjá Vegagerðinni í nokkur ár. Vegagerðin átti ýtuna sem ég byrjaði á, en hún var af gerðinni International TD-14. Hún var farin að eldast og orðin dálítið slöpp og bar því nafnið Gamla-Slöpp þegar ég tók við henni. Þá var yfirverkstjóri hér á Vestfjörðum Guðmundur B. Þorláksson, afburðamaður og ágætis drengur. Ég hef oft verið að bera störfin hans saman við störf núverandi forystumanna Vegagerðarinnar. Hann ferðaðist á milli svæða og til dæmis var einn vinnuflokkur hér á Þingeyri sem hann þurfti að sjá um. Síðan var annar vinnuflokkur á Ísafirði og áreiðanlega einn flokkur enn inni í Djúpi. Mig minnir að hann hafi einnig verið með vinnuflokk á Ströndum. Hann ferðaðist á milli yfirleitt hálfsmánaðarlega til að gera upp við mannskapinn og borga út og virtist fara ákaflega létt með það. Núna þarf heila herdeild til þess að borga út kaupið fyrir þessa þrjá-fjóra menn sem eru vinnandi úti á vegunum. Og svo þurfa þeir auðvitað að borga sjálfum sér líka, blessaðir kallarnir inni á skrifstofunum!“

Búið í tjöldum og legið á jörðinni

– Hvernig voru „húsakynni“ vinnuflokkanna á fyrri tíð?

„Þegar verið var að leggja veginn hérna inn með Dýrafirðinum rétt í stríðslokin, þá voru bara tjöld. Allur vinnuflokkurinn, tíu til fimmtán manns, bjó í tjöldum og menn lágu bara á segldúk á jörðinni. Þá var einungis kominn trébotn í verkstjóratjaldið og tjaldið þar sem maturinn var eldaður. Þá fóru menn ekki heim í mat, heldur var einn hafður í því að kokka. En upp úr þessu held ég að hafi verið farið að smíða kojur til að sofa í, en það þótti nú hálfgert bruðl að vera að kaupa timbur til slíkra hluta, og auðvitað þurfti að borga það af vegagerðarfénu. Og ennþá meira bruðl var það talið, þegar farið var að kaupa timbur til þess að gera gólffleka í tjöldin. Það þótti hreinlega lúxus. Á þessum tíma, árunum skömmu fyrir 1950, var einmitt verið að leggja veginn hér upp Brekkudalinn. Hann var nú ekki kominn lengra á þeim tíma en upp í gilið sem seinna hlaut nafnið Milljónagilið, vegna þess að það var svo óhemjulega dýrt að fylla í það. Fyllingarefnið var flutt á hestakerrum, stungin snidda, tínt grjót og unnið með skóflu og haka. Handverk af þessu tagi þekkist ekki lengur og lifir bara í minningunni. Sem betur fer eru nú til einhverjar skráðar heimildir frá þessari vinnu og meira að segja myndir, þó að ég eigi nú ekkert af þeim.“

Nashyrningurinn

„Já, ég vann á ýtu Vegagerðarinnar á sumrin líklega fram til 1969 eða 1970, en þá var ég orðinn svo bjartsýnn að ég fjárfesti í nýrri vél, líka af gerðinni International, en hún var miklu minni, ekki nema 75 hestöfl. En hún var miklu tæknilegri, með einn tjakk í miðjunni að framan og fékk nafnið Nashyrningurinn. Hún var afskaplega tæknileg, sjálfskipt og þægileg.“

– Það sem er frásagnarverðast af þér á þeirri ýtu er væntanlega gerð Svalvogavegar út með Dýrafirði að sunnan...

„Það var vani hjá mér á hverju einasta vori að ég fór á ýtunni út á vegsenda, eins og það var kallað. Þegar ég byrjaði var vegsendinn kominn dálítið út fyrir Keldudalinn, út í skriðurnar þar, og ég hreinsaði af þessum vegarstubba, því að þá var nú enn búið í Svalvogum og síðan voru þrjú bændabýli inni í Lokinhamradal. Það hafði verið draumur Vegagerðarinnar í mörg ár að leggja veg út í Svalvoga og nafnið Svalvogavegur var löngu komið á þrykk. Það voru búnir að koma menn til þess að leita að vegarstæði, en það var ekkert árennilegt þarna framan í Helgafellinu. Þar eru snarbrattir klettar beint í sjó fram og heita Hrafnholur. Og þeir sem lengst höfðu komist hjá Vegagerðinni í því að mæla fyrir vegi þarna, þeir ætluðu að sprengja sig niður í fjöru, dálítið langt fyrir innan þessa kletta, og leggja síðan veginn í fjörugrjótinu, svo gáfulegt sem það er nú. Óbrotin hafaldan skellur þarna upp í kletta og það hefði aldrei haldist þar vegur í fjörunni, ekki einu sinni sumarlangt. Það var útilokað og komin full reynsla af slíku síðar.“

Það er ekki fyrir lofthrædda að ryðja braut á svona stað, þar sem meira en sextíu metrar eru niður í sjó.

Fiktsamur maður á ýtu

„Núnú, ég er fiktsamur og hef líklega alltaf verið það. Eitt vorið urðu verkstjóraskipti hér á Þingeyri, því að Gestur Magnússon sem hafði verið verkstjóri minn dó um veturinn og annar tók við, og sá taldi sig ekki hafa þörf fyrir mig hjá Vegagerðinni vegna þess að hann hafði annan mann sem átti ýtu og vildi nota hann frekar. Mér var þess vegna ýtt í rólegheitum út úr starfi mínu hjá Vegagerðinni. Ég var þarna með nýja ýtu og hafði ekki neina trygga atvinnu fyrir hana, en ég var byrjaður að fikta við að lengja veginn í átt að Svalvogum svolítið út í skriðurnar. En rétt er að geta þess, að allmörgum árum áður en ég kom þar til skjalanna var Lýður Jónsson, sem var lengi vegaverkstjóri hjá okkur, með átján tonna ýtu sem hann ætlaði að láta gera veg alveg út að klettum sem átti síðan að sprengja. En ekki tókst betur til en svo, að þessi ýta lenti í aurbleytu, og ýtustjórarnir, kunnir piltar, Guðmundur og Bjössi Finnbogasynir, þeir höfðu engin ráð önnur en að hleypa ýtunni undan brekkunni til að losa hana og niður í fjöru. Þetta þótti nú forsvarsmönnum Vegagerðarinnar svo hrikalegt, að þeir hættu allri vegagerð á þessum stað. Og þannig stóðu málin þegar ég kom að þessu. Ég fór nú strax að klifra á minni litlu vél og fann að hún var nánast eins og maður

merki úr steini

Friðfinnsson um vestfirska þrjósku og hörku

væri þarna gangandi. Ég er nú alinn upp við þessi fjöll og vanur að gera mér til dundurs að klifra í klettum og hef aldrei verið lofthræddur, svo að það þjakaði mig nú ekkert. Ég hélt áfram og nálgaðist klettana og gerði braut sem ég komst á ýtunni og síðan á jeppanum. Ég átti þá Land-Rover jeppa, og ég var ánægður með að geta ekið á honum á eftir sjálfum mér. Þá fann ég að þetta var orðið bílfært. Þetta var í byrjaðan júlí árið 1973 sem ég er að fikta þetta, og það greip mig strax áhugi að fara eins langt og ég kæmist – og halda mér í klettunum en fara ekki niður í fjöru, eins og verkfræðingarnir höfðu hugsað sér. Ég gekk nú þarna og klifraði um klettana. Ég fór upp á næsta gang fyrir ofan þar sem vegurinn er núna og skoðaði mig þar um og leist nú eiginlega betur á að fara þar, en ég sá að ég væri þá kominn í þá himinhæð fyrir utan, að það yrði erfitt að komast nógu neðarlega aftur. Svo að ég lét bara kylfu ráða kasti.“

Vestfirska þrjóskan vann á klettunum

„Þá kom nú einu sinni yfirverkstjórinn Guðmundur B. Þorláksson og ræddi þessi mál mjög ítarlega við mig. Hann sagði mér að það væri enginn peningur til í þennan veg, þannig að mér væri óhætt þess vegna að hætta. Og hann sagði meira: Þarna sem ég væri að fara væri engin mæling og þeir vildu nú helst mæla fyrir vegum. Það væri samt ekki aðalatriðið, heldur hitt, að ég kæmist aldrei út úr klettunum. Það eina sem ég hefði út úr þessu væri að ég hlyti að hrapa niður í fjöru og drepa mig. Þess vegna væri best að hætta og það strax. Ég spurði hvort hann væri að banna mér að gera þetta. Hann sagðist gera það ef hann gæti, en hann gæti það bara ekki því hann væri ekki landeigandi. Þetta væri sér því nánast óviðkomandi. Ég spurði hann hvort þetta yrði borgað ef ég kláraði að gera veg út úr. Hann svaraði því greiðlega, að það yrði örugglega borgað og vel borgað, en hitt sæi ég sjálfur og það hlytu allir að sjá, að ég gæti aldrei gert veg út úr klettunum. Enda var klettaveggurinn þverhníptur fyrir framan, fjögur-fimm hundruð metra hátt fjallið beint fyrir ofan og rúmir sextíu metrar beint niður í sjó, svo að þetta var ekkert álitlegt. En einhvern veginn varð þetta til þess að hvetja mig. Allt sem hann sagði til þess að letja mig varð til þess að hvetja mig. Ég veit ekki hvað það heitir – líklega íslensk þrjóska, hugsa ég...“

– Eða vestfirskt eðli...

„Já, ef við takmörkum það svo, þá er það líklega vestfirsk harka. Nema hvað, endirinn varð sá, að eftir um það bil 500 klukkutíma vinnu þarna framan í klettunum, þá var ég kominn með braut út úr sem ég gat keyrt á jeppanum.“

Sonurinn tók þátt í verkinu

– Vestfirska harkan vann á klettunum...

„Já, það má segja það. Ég vann oft langan vinnudag, vegna þess að það var langt heim að Kjaransstöðum, en þangað fór maður til að sofa og nesta sig. En þess er að geta, að þegar ég var kominn um það bil út í miðja kletta og hafði unnið það aleinn, þá var Ragnar sonur minn kominn heim úr skóla. Við höfðum unnið saman áður og hann var orðinn nánast fullgildur ýtustjóri og hann fór nú að vinna á móti mér, þannig að hann á nú sína hlutdeild í þessu verki.“

– Varstu ekkert hræddur um strákinn á ýtunni á þessum stað?

„Hræddur og hræddur ekki. Fyrstu vinnustundirnar var ég nú þarna útfrá og fylgdist með honum, en þegar ég sá að hann vann þetta alveg eins og ég hefði gert sjálfur, þá var ég nú ekkert hræddari um hann en mig. Hann var strax gætinn og náði fullum tökum á þessu. Ég hef nú stundum fengið skammir fyrir að hafa eignað mér þetta allt einn og hafa ekki getið þess að sonur minn vann þarna með mér, en ég lét það þá koma hér og nú. En ég átti auðvitað frumkvæðið að þessari framkvæmd.“

Vegur í mjórra lagi

„En hvað sem því líður, vegurinn komst út úr. Mér er það svolítið minnisstætt, að þegar við vorum komnir áleiðis inn að Svalvogum, þá komu þar menn, sem ég vil ekki nafngreina, af skrifstofu Vegagerðarinnar í Reykjavík, og sögðust bara vera að forvitnast. Þeir sögðu að það væri nú allt að verða vitlaust út af þessum vegi. Ég sá nú ekki neina ástæðu til þess. Einn þeirra spurði mig hvort mér fyndist þetta ekki nokkuð mjótt til þess að það væri hægt að kalla þetta veg. Jú, ég féllst á að þetta væri í mjórra lagi, en ef hann gæti gert breiðari veg fyrir minni pening í svipuðu landi og þarna væri, þá þætti mér bara gaman að sjá það. Þá leit hann bara á félaga sína og ræddi það ekkert frekar.“

Þorvaldur Garðar og Hannibal

„Það gerðist ýmislegt þarna. Ýmsir mætir menn komu til þess að skoða. Ætli Þorvaldur Garðar hafi ekki verið fyrstur á vettvang. Honum fannst þetta mikið afrek og sagði mér, að Svalvogavegur hefði alltaf verið sinn draumavegur og hann hefði alltaf haft áhuga fyrir honum, en nú þegar hann sæi

Lögregluríki!

Fréttir Stöðvar 2 á laugardagskvöldið voru ógnvekjandi. Sjónvarpsstöðin birti viðtal við unga konu, sem hafði ófagra sögu að segja af viðskiptum sínum við lögregluna á Ísafirði. Að hennar sögn hafði hún að fullkominni ósekju verið handtekin og hótað að verða sett í járn. Hún taldi sig hafa verið beitta miklum órétti. Eitt af umkvörtunarefnum hennar var að lögreglan hefði haft hana alltof lengi í haldi. Lögreglan hafði aukin heldur framið húsleit á heimili hennar og tekið ritföng og gamla dagbók.

En ekki var allt svart. Örn Clausen hrl. hafði tekið mál hennar að sér. Unga konan sagðist ætla að leggja fram stjórnsýslukæru á hendur lögreglunni fyrir illa meðferð á sér. Samkvæmt fréttum Stöðvar 2 handtók lögreglan á Ísafirði 28 ára gamla konu fyrir rúmri viku, ,,grunaða um að hafa sent bréf, þar sem hún hefði í hótunum um að drepa forseta Íslands – og forsætisráðherrann, ræki hann ekki Ólaf Helga Kjartansson, sýslumann á Ísafirði, tafarlaust”. Jónas Jóhannsson héraðsdómari á Ísafirði á samkvæmt fréttinni að hafa bent sýslumanni óformlega á, að þar sem honum væri hótað væri lögreglan of skyld málinu samkvæmt vanhæfisreglum stjórnsýslulaganna til að fara með það. Sýslumaður átti þá að hafa dregið kröfu um gæsluvarðhald til baka og sent málið ríkislögreglustjóra. ,,Sá fékk héraðsdóm í Reykjavík til að samþykkja húsleit, en þó ekki gæsluvarðhald.” Þannig var orðalagið í fréttinni.

Ekki er álit Stöðvar 2 mikið á Héraðsdómi Reykjavíkur eða burðugt. Sá dómstóll gerir bara eins og ríkislögreglustjóri vill, ef lesið er í fréttina. En ljótt er ef konan hefur verið látin dúsa í fangaklefa í hálfan annan sólarhring að ósekju. Ekki skánar ástandið ef rétt er, að ýmsir sem tengjast þessu lögreglumáli hafi viljað koma í veg fyrir fréttaflutning af því ,,með vísan til þess að” konan ,,sé andlega vanheil. Sjálf segir hún það út í hött”.

Dugleysi lögreglu?

Lögregluyfirvöld hafa verið gagnrýnd fyrir að fylgja umdeildri reglugerð dómsmálaráðherra sem hefur að markmiði að lækka umferðarhraða og fá ökumenn og farþega til að nota öryggisbelti í bílum. Mörgum almennum borgurum hefur sýnst að lögregla og dómstólar gangi ekki í takt nú um stundir. En margoft hefur verið bent, meðal annars á þessum vettvangi, á það að allir skulu njóta mannréttinda. Í BB var fyrir nokkru sagt frá því er lögregla sviðsetti hraðamælingu við hraðakstur, en málið var rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða. Meðal annarra á vettvangi mátti sjá áðurnefndan sýslumann og héldu vegfarendur að hann hefði verið nappaður fyrir að keyra of hratt, kallgreyið.

Hrottafengin nauðgun var kærð um síðustu helgi. Ungur maður var úrskurðaður í gæsluvarðhald til 24. september næst komandi. Stöð 2 talaði ekki um að Héraðsdómur Reykjaness hefði verið fengin til þess, eins og í fyrrnefndu tilviki. Með sama hætti og allir geta sett sig í spor konu sem á undir högg að sækja í viðskiptum sínum við lögreglu hefur sjónvarpsstöðin svipaða afstöðu í nauðgunarmálinu skelfilega. Þó hafði ungi maðurinn ekki játað á sig verkið þegar þessi orð voru sett á blað.

Ekki var nefnt einu orði hvenær maðurinn, sem raunar var sagt í fyrstu fréttum, að hefði stungið þann sem lá á sjúkrahúsinu á Neskaupstað, var leiddur fyrir dómara á Austurlandi. Finnst forsvarsmönnum Stöðvar 2 kannski ekki alvarlegt að rita Forseta Íslands og forsætisráðherra hótunarbréf og tilkynna þeim að verði þeir ekki við kröfum bréfritara verði þeir drepnir? Bréfritari hefur bersýnilega ekki gefið nægilega glöggar upplýsingar um sig úr því lögreglan er að atast í blásaklausri stúlku eða hvað?

Er ekki eðlilegt að gefa lögreglu tækifæri til þess að sinna sínu starfi? Að rannsókn lokinni fær ríkissaksóknari málið til meðferðar og ef hann tekur ákvörðun um saksókn fjallar dómari um sekt eða sýknu.

Sögusagnir

Það hefur heyrst hér í bæ að ungt fólk hafi orðið fyrir miklu ónæði af hálfu ungrar konu, sem ráðist hefur að því á heimili þeirra. Reyndar er það svo að margt er skrafað á Ísafirði. Varla er það nokkurt efamál að allir telja sig eiga rétt á því að búa við frið á heimilum sínum fyrir ónæði annars fólks. Ef rétt er að ungt fjölskyldufólk búi við ofsókn annarra og njóti þannig ekki friðhelgi heimilslífsins, sem stjórnarskráin á að tryggja því, hvar er þá Stöð 2?

Vissulega er það svo að margt hefur þokast til betri vegar í íslensku samfélagi á síðustu árum. Þannig hefur breytt réttarkerfi tryggt grunuðu og sökuðu fólki enn betri rétt við rannsókn mála. Lögreglu er skylt að gæta að réttindum fólks sem er til meðferðar hennar. Þar er aldrei of varlega farið. En hver er réttur saklausra borgara? Hvert geta þeir leitað þegar samborgarnir angra þá eða hreinlega misþyrma þeim eins og tvö hörmuleg dæmi eru um frá síðustu helgi, hrottafengin nauðgun og 9 hnífsstungur? Og hvernig á svo lögreglan að bregðast við?

Best er láta öðrum svarið eftir, en hún hefur þá skyldu að gæta laga og réttar og öryggis borgaranna. Svo virðist sem öllum sé ljóst að líkamlegt ofbeldi sé lögbrot. En ekki er víst að öllum sé ljóst að það telst alvarlegt afbrot að hafa uppi líflátshótanir, sérstaklega við þjóðhöfðingja og æðstu menn þjóðarinnar. Vonandi upplýsist málið, sem varð umfjöllunarefni Stöðvar 2.

Saklaust fólk á ekki að verða fyrir óþægindum ef hjá því verður komist. Ekki verður öðru trúað en lögreglan og Stöð 2 séu sammála í því efni.

Eldislón í Brekkudal í Dýra

GREITT FYRIR HVERN DRÁTT

Hinn síhressi Bolvíkingur Magnús Ólafs Hansson fór einn daginn ásamt fjölskyldu sinni í smávegis veiðitúr og kom alveg stórhrifinn og upprifinn til baka. Veiðivatnið var reyndar ekki stórt – eldislón í landi Bakka í Brekkudal í Dýrafirði. Þar fæst aðallega regnbogasilungur, allt upp í 7-8 pund, en einnig bleikja upp í 12 pund og síðan er eitthvað af boltalaxi í tjörninni. Það sérstæða við veiðiskapinn á þessum stað er að ekki er greitt fast verð fyrir veiðileyfið eins og venjulegt er, heldur er einungis greitt fyrir hvern fisk eftir vikt „upp úr sjó“. Þetta er „alveg gráupplagt fyrir fjölskyldufólk“, segir Magnús, „því að það er svo gaman þegar krakkarnir eru að fá stóru fiskana. Og svo spillir umhverfið ekki fyrir og ekki heldur þegar eigandinn, sjálfur meistarinn Gunnlaugur er á staðnum, því að hann er alveg hafsjór af sögum og sagnafróðleik fyrir börnin. Ef þig vantar regnbogasilung í soðið“, segir Magnús, „þá er bara spurningin hvað þú vilt mikið, því að hann bítur grimmt á, og svo borgarðu bara visst á kílóið. Þetta er alveg stórskemmtilegt.“

Af þessu má ljóst vera, að drátturinn getur verið misjafnlega dýr á þessum gleðistað.

„Ég er lítið fyrir að vera

---

að það væri í raun og veru hægt að gera braut þangað, þá skyldi hann berjast fyrir því að aðstoða mig af öllum sínum mætti og allri sinni getu. Ég varð nú samt aldrei var við neitt mikla aðstoð frá honum. Þó getur verið að hann hafi lagt mikla vinnu í það að aðstoða mig án þess að ég hafi fundið fyrir því. Hannibal Valdimarsson var í stól samgönguráðherra á þessum tíma og það var verið að byggja hér á Þingeyri stórt og mikið hús yfir Póst og síma. Hann kom hingað til þess að vígja þetta hús, en áður en hann gerði það þurfti hann náttúrlega að skoða þetta fyrirbæri, þennan nýja veg út í Svalvoga. Og það stendur ennþá skráð í gestabókina hennar Dísu í Svalvogum: Vegurinn er kraftaverk!“

Ekki enn búinn að fá fálkaorðuna

„En það er svo kostulegt, að þegar Hannibal var að vígja nýja húsið fyrir Póst og síma, þá ræddi hann talsvert mikið um þessa vegagerð og lét þess getið, að ef svona afreksmaður fengi ekki fálkaorðuna, þá vissi hann ekki hver ætti að bera hana. Mér fannst þetta nú alveg ljómandi gott. Ég hitti Hannibal löngu seinna og sagði honum, að ef hann væri að hugsa um að veita mér fálkaorðuna, þá þætti mér nú betra að fá bara andvirði hennar – þó ekki væri nema andvirði hennar – til að leggja það fram í veginn. En þar við situr enn.“

– Þú ert ekki búinn að fá fálkaorðuna...

„Nei.“

Stuðningur heima fyrir

– Og ekki greiðslu fyrir vinnuna...

„Jú. Ég fékk greiðslu fyrir vinnuna þetta sumar. Þá var oddviti hér Þórður Jónsson bóndi á Múla, þáverandi mágur minn, og hann gekkst í því að hreppsnefndin sæi um að ég fengi greitt fyrir þessa vinnu. Og meira að segja þegar ég var búinn að gera brautina þarna út eftir, þá voru þarna klettar sem héngu fram á veginn og allslags nibbur, en Þórður sendi starfsmenn hreppsins úteftir. Jónas Ólafsson, sem síðar varð sveitarstjóri hjá okkur, var verkstjóri í þeim hóp og kom með strákana og þeir boruðu með traktor í nibburnar og þetta varð betri braut á eftir. Það máttu þeir eiga, og allir hér heima lögðu þessu lið. Séra Stefán Eggertsson var þá sóknarprestur hjá okkur. Hann lagði mér ómælt lið með orðum og athöfnum og sagði mér að halda hiklaust áfram, gefast aldrei upp og fara alltaf eins langt og ég gæti, því að aldrei væri hægt að segja að menn væru frekir, heldur væru þeir bara duglegir.“

Steingrímur Hermannsson og hálfa milljónin

„Steingrímur Hermannsson kom þarna á vetttvang líka. Þá var ég nú kominn svo langt að það sá heim að Svalvogum, en ég var ekki farinn að gera neina braut í gegnum hraunið þar. Hann benti heim að Svalvogum og spurði mig hvar ég ætlaði nú að fara í gegnum þetta land sem framundan væri. Ég benti honum á það, og var búinn að reisa upp steina hér og þar. Hann virti þetta fyrir sér, og svo leit hann á mig út undan sér og mér fannst eins og hann væri að athuga hvort ég væri með öllum mjalla. Ég veit raunar ekki hvort ég á að láta það fljóta hér með, en hann lofaði mér þarna útfrá að senda mér fimm hundruð þúsund krónur. Mörgum árum seinna kom Steingrímur hér og bað mig að aka sér inn í Lokinhamradal. Þá var þetta nú orðin sæmilega fær leið. Og þegar við förum út úr klettunum, þá segir hann við mig: Ég sé nú, Elís, að þig hefur munað um þessi fimm hundruð þúsund

sem ég sendi þér. Jæja, sagði ég, sendir þú mér nú fimm hundruð þúsund? Kannastu kannski ekki við það? spyr hann. Ég myndi nú gera það ef ég hefði einhvern tímann fengið það, en ég hef aldrei fengið fimm hundruð þúsund frá þér, ég verð bara að segja það eins og er. Ég trúi þessu nú bara ekki, sagði hann. Steingrímur bað mig nú að fara rólega í þetta og fara ekki að gera neitt veður út af þessu. Hins vegar sagðist hann hafa sent fimm hundruð þúsund og merkt það Svalvogavegi. En hann sendi það á Vegagerðina á Ísafirði. Ég hef ekkert gert í því að kanna hvað varð um þessa hálfu milljón...“

– Hvaða ár ætli þetta hafi verið?

„Sennilega hefur þetta verið 1978 eða 79. Ég veit ekki hvort ég á að vera að segja frá þessu, vegna þess að Steingrímur var helst á því að ég færi ekkert að rannsaka þetta mál. Hitt veit ég, að Vegagerðin á Ísafirði setti upp stærðarinnar skilti hér fyrir innan Þingeyri sem á stóð: Svalvogavegur. Þetta var sama árið og þeir voru að undirbyggja veginn frá Þingeyri og út að flugvelli og þá heitir það líka Svalvogavegur, þannig að peningurinn hefur örugglega farið í „Svalvogaveg“, en hann kom aldrei til mín.“

Þjóðsagnapersóna

– Ætli nokkur vegur hérlendis sé eins sérstæður og hrikalegur og Svalvogavegurinn þinn?

„Ég er nú kannski ekki manna dómbærastur á það. En þessi vegur varð snemma að hálfgerðri goðsögn...“

– Og þú líka.

„Ég er kannski þjóðsagnapersóna. Já, ég hef rekið mig á það seinna. Ég er búinn að flækjast um allt land og Ómar Ragnarsson kom nú með myndavélina og myndaði þetta og tíundaði á sinn hátt og dró ekkert úr því að þetta væri svo og svo hrikalegt. Það er matsatriði hjá hverjum einstaklingi hvað er hrikalegt. Fyrir mér er þetta aldrei neitt hrikalegt – eiginlega er ekkert bratt, aðeins mismunandi flatt, eins og skáldið sagði.“

Búið að loka veginum

– En þetta er nú dálítið ólíkt því að aka Reykjanesbrautina…

„Já, óneitanlega. Mörgum sem eru að koma í fyrsta sinn á Vestfirði og eru vanir flatneskjunni, þykja vestfirsku heiðarnar nokkuð brattar. En segja má að þá fyrst keyri um þverbak, þegar þeir koma út í Helgafellið og fara gegnum Hrafnholurnar. Sumir hafa orðað það þannig, að þeim finnst eins og fjallið sé að reyna að ýta þeim fram af þessum mjóa sneiðingi. Þetta er nú ekkert mjótt í dag, en það var ansi mjótt fyrsta sumarið. Ég held að það hafi verið 1974 fremur en 1975, sem ég var einu sinni að fara út eftir, því að ég var nú alltaf með vakandi auga með þessum vegi. Mér var ekki sama um hann. En þá kom ég bara að því, þar sem búið var að læsa veginum. Það var búið að grafa fyrir tveimur sverum staurum utan til við Keldudalinn þar sem farið er út í skriðurnar og setja þar svera stálkeðju á milli stauranna og sinn lásinn í hvorum enda. Það var öllum óheimilt að fara þennan veg, nema landeigendum, sem bjuggu þarna fyrir utan. Þeir höfðu fengið lykla að lásunum. Það var Vegagerðin sem gerði þetta, án þess að nefna það við mig og ég fékk ekki lykil að þessu fyrirbæri þeirra. Enda þurfti ég þess ekki, vegna þess að það var borað gat í gegnum staurana og ró sett á skrúfbolta. Ég skrúfaði hana bara af þegar ég þurfti að fara um.“

Ekki í samræmi við staðla

– Hversu lengi var vegurinn lokaður?

„Ég hringdi nú og spurði hvers vegna honum hefði verið lokað, og fyrst fékk ég bara það svar að hann væri hættulegur. Ég spurði hvort þetta væri eini vegurinn á landinu sem væri hættulegur. Ég vissi ekki betur en það yrðu dauðaslys á breiðstrætum Reykjavíkur og það oft, án þess að þeim væri lokað. Þarna hefði nú sem betur fer ekki orðið slys ennþá. Þá fékk ég þá skýringu, að í einu gilinu væri vegurinn það mjór, að hann hefði ekki lágmarksbreidd samkvæmt stöðlum um íslenska þjóðvegi. Ég fékk uppgefið hvað hann ætti að vera breiður og fór náttúrlega umsvifalaust af stað á ýtunni minni og klóraði úr berginu þannig að ég náði honum strax í löglega breidd. Samt stóðu staurarnir og keðjan og lásarnir ein tvö sumur eftir það, minnir mig, en þeir tóku þetta burtu fyrir rest. Þá var ég smám saman að vinna sigur í þessu máli. Það var greinileg andstaða hjá ákveðnum hópi innan Vegagerðarinnar gegn þessari framkvæmd. Þó rakst ég á menn sem voru stórhrifnir af fyrirtækinu og framkvæmdinni. Sem betur fer voru þeir nú til líka.“

Eins og felldur inn í landslagið

– Mörgum hafa verið höggvin minnismerki í stein. Ég get trúað að Svalvogavegur sé eitthvert stórbrotnasta minnismerki sem nokkur maður hefur höggvið sjálfum sér í stein…

„Ég skal ekkert um það segja. Það var nú einn ungur maður frá Vegagerðinni sem ég hitti einu sinni fyrir utan klettana, og hann leit eftir veginum og spurði svo með bros á vör, hvaða verkfræðingur hefði mælt fyrir þessum vegi – hann væri eins og felldur inn í landslagið. Ég sagði honum að fyrst hefði nú verið mælt með öðru auganu og svo með báðum augunum og síðan tekin stefnan. Hann sagðist þá hafa haft grun um það.“

Hringvegur verður til

Elís var kominn með veginn allt inn í Hvammsgil á Svalvogahlíð, en þá tók þar við frændi hans, Gunnar Gísli á Ketilseyri, og hélt áfram með veginn allt inn að Lokinhömrum. „Og þá var þetta viðurkenndur akvegur og Vegagerðin reiðubúin að borga kostnað við að opna hann árlega, úr Keldudal og inn í Lokinhamradal, og þeir hafa haldið því síðan, þó að þeir haldi vel utan um aurana, blessaðir. Svo gerðist það, að húsfreyjan á Hrafnabjörgum, einsetukonan Sigríður Ragnarsdóttir, sem þurfti fara inn í Stapadal að smala fénu, leitaði til oddvitans, Hallgríms Sveinssonar á Hrafnseyri, og bað hann að athuga hvort hann Elli gæti ekki lagfært fjörurnar svo að það væri auðveldara fyrir sig að labba inn í Stapadal. Hún lagði strax fram fimmtíu þúsund krónur úr eigin vasa í þessa framkvæmd. Geri aðrir betur. Ég fór að athuga landslagið þarna og sá að fjaran þar sem úthafsaldan brotnar er nú ekki heppilegasta vegarstæðið, þannig að ég fór bara beint frá Hrafnabjörgum og sneiðinga inn hlíðina og komst þannig alveg inn undir Skútabjörg, sem eru dálítið fyrir utan Stapadal. Þau eru þverhnípt beint úr sjó og hafið raunar búið að éta þar inn undir, og þar varð ég að fara í fjöru á um fimm hundruð metra kafla, og þann kafla þarf ég að vinna upp á hverju vori. Það gerði ég framan af mest á eigin reikning og risikó. En þess er að geta, að oddvitinn Hallgrímur útvegaði mér úr sýslusjóði 250 þúsund krónur í þessa framkvæmd upphaflega, og Pétur Hafstein sem þá var sýslumaður var okkur innan handar í því líka. En Vegagerðin brást þannig við, að þetta væri óleyfilegt, vegna þess að ég væri að gera þarna hringveg um sveitabæina. Ef þeir hefðu getað stoppað þetta, þá hefðu þeir gert það. En landeigandi óskaði eftir þessu og sýslunefndin studdi það, og þess vegna gat ég haldið áfram. En ég þurfti að leggja fram mína vinnu og kannski rúmlega helminginn á móti og stundum alveg allt. Stundum fékk ég ekkert borgað, ekki krónu.“

Stórbrotinn túristavegur

– En þú hefur væntanlega fengið eitthvað annað í staðinn, sem ekki verður metið til fjár: Að hafa gert þetta.

„Já, vissulega hef ég fengið þakklæti þeirra sem hafa búið þarna útfrá alveg ómælt, og margra fleiri sem hafa farið þennan veg og finnst þetta stórbrotið landslag. Það er hverju orði sannara. Þeir sem eru að fara að skoða sig um á landsbyggðinni undrast mjög þetta sérkennilega og stórbrotna landslag alveg við bæjardyrnar hér, ef svo má segja. Ég hef nú reynt að lagfæra jafnan þennan fjöruveg þannig að hann sé fær sem flestum bílum, en það er erfitt að berjast við brimið og stórgrýtið, því að þarna er lítið að hafa af fínu efni. En það hefur tekist að halda veginum færum, og alltaf eru forvitnir ferðalangar að fara þessa leið. Vegurinn er vissulega nokkuð grófur víða. Það eru nú komin um tuttugu og fimm ár síðan ég lagði veginn út að Svalvogum, og þar hefur aldrei komið svo mikið sem eitt hlass af ofaníburði. Það eina sem sléttar undir hjólin er tönnin á litlu ýtunni minni, svo að það er ekki við góðu að búast.“

Frá Kjaransstöðum til Þingeyrar

– Þú hefur nú átt heima á Þingeyri í rúm tuttugu ár…

„Um miðjan áttunda áratuginn voru farnir að koma hnökrar á hjónabandið hjá okkur Karitas, og það varð að samkomulagi að ég færi frá Kjaransstöðum út á Þingeyri og réðist í það að byggja hér hús yfir okkur, og við fluttum inn í það 1976 eða 1977, minnir mig. Það hús er hér uppi á Brekkugötu.“

– Þetta hús er miklu eldra...

„Já, ég keypti það af frænda mínum árið 1985.“

– Ertu smiður?

„Ég hef nú aldrei lært neitt til þeirra verka.“

Fjölmargir voru við veiðar í eldistjörninni á laugardag.

mikið að auglýsa þetta“, sagði Gunnlaugur Sigurjónsson á Þingeyri þegar blaðið sló á þráðinn til hans og spurðist nánar fyrir. „Ég er þarna að leika mér með fiskeldi og hef leyft fólki að koma og renna. Þetta er algert einkaframtak hjá mér. Ég byrjaði með nokkrar bröndur fyrir fjórum árum og síðan hefur þetta verið að vinda upp á sig. Þetta.er nú meira hugsað sem afþreying fyrir barnafólk, enda er aðstaðan ákaflega þægileg til slíks.“ Eldistjörnina bjó Gunnlaugur til úr gömlum árfarvegi á landi sem hann á sjálfur.

Ellefu núverandi og fyrrverandi stöðvarstjórar og vélstjórar við Mjólkárvirkjun ásamt eiginkonum sínum og Bjarndísi Friðriksdóttur málarameistara, sem er lengst til hægri í aftari röð, en hún hefur séð um að halda eignum Orkubúsins nýmáluðum.

Rúmlega eitt hundrað manns voru samankomin við Mjólká á laugardag en þá var þess minnst að fjörutíu ár voru liðin frá því virkjunin var gangsett.

Gestur Elíasson matreiðslumaður sá um að grilla ofan í gesti. Góður rómur var gerður að hans verki og leið enginn skort, hvorki í mat né drykk.

Grillveisla og dans var í sérstöku tjaldi sem komið hafði verið upp á túninu fyrir framan stöðvarhúsið í Mjólká. Meðal þeirra sem nutu matar þar voru þeir Helgi Helgason, fyrrum stöðvarstjóri og Halldór landpóstur á Bíldudal sem sjást hér fyrir miðri mynd.

Orkubú Vestfjarða

Fjörutíu ár frá gangsetningu Mjólkárvirkjunar

Á laugardaginn var þess minnst við Mjólkárvirkjun í Arnarfirði að fjörutíu ár voru liðin frá því virkjunin var gangsett. Til að minnast þessara tímamóta ákvað núverandi stöðvarstjóri í Mjólká, Pálmi Jónsson, að kalla saman fyrrverandi stöðvarstjóra og vélstjóra við virkjunina og mættu margir þeirra ásamt fjölskyldum sínum þ.ám. fyrsti stöðvarstjórinn, Bjarni Skarphéðinsson. Þá voru þar mættir nokkrir af starfsmönnum Orkubúsins ásamt fjölskyldum sínum sem og stjórnarmenn fyrirtækisins.

Áður en hátíðin hófst kom Halldór landpóstur siglandi á trébát sínum frá Bíldudal, en hann hefur um áratuga skeið séð um póstflutninga til íbúa við Mjólká. Var hér um að ræða síðustu ferð hans sem landspósts og tók því fjölmenni á móti honum á bryggjunni við Mjólká. Meðal dagskrárliða hátíðarinnar var golfkeppni, grillveisla og dans sem heppnaðist hið besta. Ljósmyndari blaðsins kom við á hátíðinni og tók meðfylgjandi myndir.

Það var árið 1956 sem Rafmagnsveitur ríkisins hófu byggingu virkjunar í Mjólká sem nýtti fallið úr Borgarhvilft niður í Borgarfjörð og tók hún til starfa í ágústmánuði sama ár. Á árunum 1958 til 1960 lauk tengingu Mjólkárvirkjunar við kauptúnin frá Patreksfirði til Bolungarvíkur, ásamt tengingu við Reiðhjallavirkjun. Hér er um allmikið línukerfi að ræða sem liggur yfir hinar háu heiðar Vestfjarða með sæstrengi yfir ála Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.

Á árinu 1972 hófu Rafmagnsveitur ríkisins síðan undirbúning að annarri virkjun í Mjólká sem nýtir fallið úr Langavatni og niður í Borgarfjörð. Núverandi virkjun er því í raun tvær virkjanir sem nýta sama stöðvarhús og aðstöðu í botni Borgarfjarðar. Þann 1. janúar 1978 var Orkubú Vestfjarða stofnað og tók við rekstri Mjólkárvirkjunar ásamt allri starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins og annarra rafveitna í Vestfjarðakjördæmi.

Núverandi stöðvarstjóri, Pálmi Jónsson, fylgdist með því að allt færi vel fram.

Gamalt hús verður nýtt

– Þetta er allt svo nýtt og fallegt, bæði úti og inni, enda þótt húsið sé gamalt.

„Þegar ég keypti húsið hafði það verið í niðurníðslu í mörg ár. Sigurjón Pétursson skipasmiður átti það á sínum tíma og hélt því vel við meðan hans naut við, en síðan hafði það verið í höndunum á ýmsum eigendum, oft leigt út og aldrei gert neitt við það. Gólfið hérna var orðið sigið niður og troðið sundur. Bárujárnið var ryðgað og gluggarnir fúnir og rúðurnar gengu niður, svo að það var komið til álita að rífa húsið og láta það hverfa. En það fannst mér hin mesta goðgá, þannig að ég tók það í gegn alveg frá a til ö, eins og nú er sagt.“

– Það blasir við að nú er hér allt eins og best verður á kosið...

„Þakka þér fyrir. Það er gaman að heyra. Vissulega lagði ég hönd að því. Ég fékk náttúrlega góða menn með mér í þetta verk og þá var ég nú farinn að búa með annarri konu, Katrínu Gunnarsdóttur, og hún vann líka með mér í þessum framkvæmdum. Hjónabandið hjá okkur Karitas minni slitnaði í kringum 1980 eða rétt fyrir það.“

Búskapur og kveðskapur

– Þú ert nafnkunnur fyrir fleira en veginn og ýtuna...

„Það er nú kannski ekki af miklu að státa, að hafa verið bóndi mest af sinni lífstíð og verið að bisa við að reyna að rækta tún sem eru svo engum að gagni.“

– Ég átti nú við kveðskapinn en ekki búskapinn. Ætli vísurnar þínar og vegurinn standi ekki um sinn þó að túnin fari í órækt...

„Það getur nú vel verið. Jú, ég hef einstaka sinnum gert vísur og verið orðaður við það að vera hagyrðingur, en ég hef nú aldrei fundið það beinlínis sjálfur.“

– Hagyrðingar segja það oft um sjálfa sig. Áttu ekki létt með að kasta fram vísum?

„Nei. Á tímabili var það, jú, en líklega eru bæði gleymskan og aldurinn farin að vinna gegn því núna, þannig að nú er orðið miklu minna um að ég kasti fram vísum en þegar ég var í vegagerðinni.“

– Þær hafa margar orðið til í ýtunni...

„Já, það kom fyrir, og eru nú ekki allar skráðar.“

Elís Kjaran hefur sótt landsmót hagyrðinga á hverju ári, alveg frá því að fyrsta mótið var haldið fyrir tæpum áratug að Laugum í Sælingsdal, og var í forsvari þegar það var haldið á Núpi í Dýrafirði fyrir fáum árum. Enn er hann að kasta fram vísum eftir því sem tilefni gefast, hvað sem honum finnst um það sjálfum. En undirritaður leyfir sér að fullyrða, að aldrei aftur verður lagður sambærilegur vegur á sambærilegan hátt og minnismerkið óbrotgjarna, sem Elís Kjaran Friðfinnsson gerði sjálfum sér í þverhníptu bergi Helgafells við utanverðan Dýrafjörð.

– *Hlynur Þór Magnússon.*

KAUP & SALA

ÓKEYPIS SMÁAUGLÝSINGAR

Til sölu er **Toyota** extra Cab, árg. 1992, grágrænn, ekinn 100 þús.km. Upphækkaður á 36" dekk. Breyttur af Toyota umboðinu. Naglad-ekk fylgja. Vel með farinn bíl. Tveir eigendur frá upphafi. Viðhaldsbók fylgir. Verð kr. 1.200.000.- Upplýsingar í síma 456 3131 eftir kl. 17.

Til sölu er **MMC L-300** árg. 1991, ekinn 127 þús.km. Góður bíll. Upplýsingar í síma 456 5360 eftir kl. 19.

Óska eftir 2,5 tonna smábát til kaups. Upplýsingar í síma 892 3264.

Til leigu **er 144m² raðhús** ásamt 22m² að Hafraholti 10 á Ísafirði. Húsið leigist frá og með 1. september. Uppl. gefur Hafþór í símum 456 4563 og 894 1836.

Hæ! Ég heiti Jovana og er 10 ára. Mig langar að **passa börn** á aldrinum 1-5 ára. Uppl. í síma 456 5320.

Til sölu eru **tvö reiðhjól**, eitt fullorðins og annað fyrir unglinga. Hjólin seljast fyrir lítinn pening. Á sama stað eru til sölu fjögur ný **naglad-ekk** undir Daihatsu. Uppl. í síma 456 5127.

Til sölu er Polaris Indy 500 special **snjósleði** árg. 90. Sleðinn er í toppstandi, nýtt belti, nýtt sæti og plastskíði. Verðhugmynd kr. 350 þús. Uppl. í síma 456 4962.

Til leigu er 70m², 3 herb. íbúð á neðri hæð að Engjavegi 28. Laus strax. Uppl. í síma 456 4039.

Mig **sárvantar ísskáp** fyrir lítinn pening eða gefins. Einnig eldhússtóla og litla hillusamstæðu. Upplýsingar gefur Dóra í síma 456 4460 á kvöldin.

Til sölu er nýlegt svart **leðursófasett** á kr. 90 þús. Einnig vel með farið hvítt barnarúm með nýrri dýnu á kr. 8 þús. Upplýsingar í síma 456 4448.

Notað **sjónvarpstæki** með textavarpi óskast. Upplýsingar í síma 842 0084

Til sölu er vel með farin **þvottavél**. Selst á kr. 10 þús. Uppl. í síma 456 3552.

Hæ! Ég heiti Vokosara og ég er 12 ára. Mig langar að **passa börn** á aldrinum 1-5 ára. Uppl. í síma 456 5327.

Til sölu er einbýlishúsið að Völusteinsstræti 24 í Bolungarvík. Uppl. í símum 456 7225 og 456 7437.

Tilboð óskast í húseignina að Hjallavegi 4 á Ísafirði. Gott hús á góðum stað. Mjög gott útsýni. Upplýsingar gefa Þorgerður og Guðmundur í síma 456 3107.

Halló! Ég er 12 ára stelpa og ég heiti Halldóra. Mig langar til að **passa börn** á aldrinum 0-4 ára. Ég hef farið á námskeið. Uppl. í síma 456 5036.

Óska eftir að kaupa **olíumiðstöð**. Upplýsingar í síma 456 4357 á kvöldin.

Til leigu er 2ja herb. íbúð á Engjavegi. Leigist frá 1. september. Upplýsingar í símum 456 4651 og 456 4115.

Reglusamt reyklaust par óskar eftir 2ja-3ja herb. íbúð í Reykjavík til leigu. Á sama stað er til sölu frumtamin fimm vetra hryssa undan Baldri frá Bakka. Uppl. í símum 456 4651 og 456 4115.

Vélbáturinn Gnýr ÍS 515 er til sölu. Tilboð óskast. Uppl. gefur Högni Þórðarson í síma 456 3144.

Til sölu er húseignin Tangagata 6, Ísafirði. Upplýsingar gefur Halldór í síma 456 4403.

Til sölu er **MMC L300** árg. 98. Gott eintak. Reyklaus bíll. Uppl. í síma 456 4041 og 894 3034 á kvöldin.

Laxveiðimenn! Til sölu eru laxamaðkar eins og þeir gerast stærstir. Uppl. í síma 456 3041 og 456 4041.

Lyklakippa er **í óskilum** í Rammagerðinni á Ísafirði. Upplýsingar í síma 456 3041.

Ísafjörður

Olíufélag útvegsmanna í hálfa öld

Þessi stjórn sat samfleytt í 27 ár: Jón Páll Halldórsson fyrir hönd Hraðfrystihússins Norðurtanga, Guðmundur Guðmundsson fyrir hönd Hrannar og Jóhann Júlíusson fyrir hönd Gunnvarar. (Úr afmælisriti Olíufélags útvegsmanna).

Um þessar mundir er hálf öld liðin frá því að Olíusamlag útvegsmanna, sem nú heitir Olíufélag útvegsmanna hf., var stofnað á Ísafirði, og verður þessara tímamóta minnst sérstaklega á föstudaginn. Í tilefni afmælisins hefur félagið gefið út sögu sína og forsögu, sem Rúnar Helgi Vignisson rithöfundur hefur tekið saman eftir margvíslegum heimildum. Hér verður drepið á nokkur atriði úr því riti með leyfi höfundar.

Ekki er kunnugt hvenær olía barst fyrst til Íslands, en vitað er að árið 1869 fengu nokkrir bændur sunnanlands senda steinolíu frá Danmörku, en tíu árum fyrr var olíu fyrst dælt úr borholu í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum. Notkun olíunnar á Íslandi takmarkaðist við lýsingu fram yfir aldamót, þegar vélvæðing bátaflotans hefst og olíunotkun eykst hraðfara. Þar voru Ísfirðingar fremstir í flokki, en fyrsti mótorbáturinn hérlendis var Stanley hér vestra árið 1902. Á þeim árum var steinolíusala á Ísafirði um tíu sinnum meiri en í Vestmannaeyjum, svo dæmi sé tekið.

Að sjálfsögðu voru engar birgðastöðvar úti um landið í upphafi og var olían flutt um allt á tunnum með tilheyrandi erfiðleikum. Það er ekki fyrr en undir 1930 sem breytingar verða í þeim efnum. Fyrsta olíubryggjan á Ísafirði ásamt birgðastöð var gerð á Stakkanesi, en sá staður reyndist óhagkvæmur og voru tankarnir fluttir yfir fjörðinn og stöðinni komið fyrir í Mjósundunum. Olíuverslun Íslands og Shell munu hafa kostað flutninginn í sameiningu, en síðarnefnda fyrirtækið átti geymana.

Jón S. Edwald, kaupmaður á Ísafirði, tók að sér umboð fyrir H/f Shell í ársbyrjun 1928, en verslun hans var í Aðalstræti 16, gamla húsinu sem nú er verið að gera upp við hliðina á pósthúsinu og getið var um hér í blaðinu í síðustu viku. Komið var upp olíudælu í sundinu milli verslunarinnar og pósthússins og var hún þar fram til 1982. Fyrsti umboðsmaður Olíuverslunar Íslands (BP) var Finnur Jónsson, póstmeistari og síðar alþingismaður og kom fyrirtækið upp bensíndælu fyrir framan rakarastofu Gríms Kristgeirssonar, föður Ólafs Ragnars, sem stóð fyrir ofan pósthúsið.

Í fjórða áratug aldarinnar var svo komið að mörgum útvegsmönnum þótti ósanngjarnt að greiða smásöluverð fyrir olíuna og var þá farið að stofna olíusamlög um landið með stuðningi ríkisvaldsins. Fram kemur í fundargerðum hafnarnefndar Ísafjarðar, að árið 1945 er Útvegsmannafélag Ísfirðinga farið að huga að því að koma upp olíustöð „á bátahafnaruppfyllingunni með leiðslu á uppfyllingarhausinn“.

Föstudaginn 30. júlí 1948 efndi stjórn Útvegsmannafélags Ísfirðinga til fundar til þess „að taka ákvörðun um stofnun olíusamlags fyrir Ísafjörð“. Fundarmenn voru sex, allir þekktir athafnamenn í bænum og fulltrúar útgerðarfélaga: Arngrímur Fr. Bjarnason f.h. h/f Arnar, Ketill Guðmundsson og Ólafur Magnússon f.h. h/f Njarðar, Kjartan J. Jóhannsson f.h. h/f Skutuls, Ólafur Guðmundsson f.h. h/f Munins og Birgir Finnsson f.h. Samvinnufélags Ísfirðinga. Af þessari upptalningu má sjá, að forsvarsmenn allra helstu útgerðarfélaga bæjarins hafa staðið að stofnun Olíusamlagsins. Tilgangur félagsins var „að útvega samlagsfélögum allskonar brennslu- og smurningsolíur fyrir vélbáta, skip, verksmiðjur eða hverskonar fyrirtæki sem þeir eiga“. Félagið fékk þegar lóð í Mjósundunum, við hliðina á Vélsmiðjunni Þór við Suðurgötu, en ekki gekk þrautalaust að fá hana rýmda og afhenta. Vinna við „jarðolíutank“ (svartolíutank) hófst ekki fyrr en sumarið 1950 og var þá jafnframt steypt upp port í kringum olíustöðina. Ekki gekk greitt í fyrstu að fá olíu á nýja tankinn og fyrsta olían sem á hann fór var ekki frá olíufélagi, heldur kom hún úr breska togaranum Northern Spray sem strandaði á Prestabugt í desember 1950 og voru það um 50 tonn.

Þegar árið 1948 gekk Olíusamlagið til samninga við Olíufélagið h/f um samvinnu, en minna varð úr en til stóð. Árið 1950 voru því gerðir samningar við Olíuverslun Íslands (BP) og Shell h/f um að samlagið yfirtæki starfsemi þeirra félaga á Ísafirði, en samningnum við Olíufélagið h/f sagt upp. Rögnvaldur Jónsson var ráðinn skrifstofustjóri samlagsins og um mitt

Horfur á fimmtudag:
Sunnanátt, víða kaldi. Rigning um landið sunnan- og suðvestanvert, en úrkomulaust og bjart með köflum um landið norðan og austanvert.

Horfur á föstudag:
Lægð verður yfir landinu og vindátt því breytileg, lengst af kaldi. Gera má ráð fyrir vætu í flestum landshlutum, einkum þó sunnanlands. Hiti 9-14 stig.

Á laugardag:
Ákveðin norðan- og norðaustanátt með kólnandi veðri. Veðurútlit á sunnudag og mánudag er afar óljóst.

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

HELGAR sjónvarpið

MIÐVIKUDAGUR

13.00 Rithöfundurinn (e)
14.45 NBA molar
15.10 Cosby (24:25) (e)
15.35 Dýraríkið (e)
16.00 Ómar
16.25 Sögur úr Andabæ
16.50 Súper Marió bræður
17.10 Glæstar vonir
17.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
17.45 Línurnar í lag (e)
18.00 Fréttir
18.05 Nágrannar
18.30 Prúðuleikararnir (12:22)
19.00 19>20
20.05 Moesha (21:24)
20.30 Ellen (3:25)
21.00 Eins og gengur (7:8)
21.55 Tildurrófur (5:6)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Íþróttir um allan heim
23.45 Rithöfundurinn (e)
01.35 Dagskrárlok

FIMMTUDAGUR

13.00 Banvæn ást
14.40 Rithöfundurinn Gore Vidal
15.30 Mótorsport (e)
16.00 Eruð þið myrkfælin?
16.25 Simmi og Sammi
16.50 Sögur úr Andabæ
17.15 Eðlukrílin
17.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
17.45 Línurnar í lag (e)
18.00 Fréttir
18.05 Nágrannar
19.00 19>20
20.05 Gæludýr í Hollywood (10:10)
20.40 Bramwell (8:10)
21.35 Þögult vitni (7:8)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 New York löggur (15:22)
23.40 Fasteignasalarnir
(Glengarry Glen Ross)
Þriggja stjörnu mynd um miskunnarlausan heim bandarískra viðskipta þar sem menn hika ekki við að höggva hver annan til að geta klifið metorðastigann.
01.20 Svik (e)
02.55 Dagskrárlok

FÖSTUDAGUR

13.00 New York löggur (15:22) (e)
13.45 Grand-hótel (3:8) (e)
14.40 Watergate-hneykslið (2:5) (e)
15.30 Punktur.is (1:10) (e)
16.00 Töfravagninn
16.25 Sögur úr Andabæ
16.45 Skot og mark
17.10 Glæstar vonir
17.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
17.45 Línurnar í lag (e)
18.00 Fréttir
18.05 60 mínútur (e)
19.00 19>20
20.05 Elskan, ég minnkaði börnin
21.00 Í vesturátt
(Into the West)
Það er írskt kvöld á Stöð 2 og sýndar verða tvær bíómyndir frá eyjunni grænu. Sú fyrri fjallar um tvo sígaunadrengi sem búa í fátækrahverfi í Dyflinni ásamt drykkfelldum föður sínum. Það kemur heldur betur babb í bátinn þegar afi drengjanna gefur þeim gráan gæðing. Þeir neyðast til að hafa hestinn í íbúðinni hjá sér við hávær mótmæli nágrannanna. Þegar forríkur svikahrappur rænir síðan þeim gráa verða strákarnir að grípa til sinna ráða en eiga vissulega við ofurefli að etja.
22.45 Michael Collins
Spennandi og áhrifarík mynd um írsku frelsishetjuna Michael Collins, einn umdeildasta mann í sögu Írlands. Breska heimsveldið hafði ráðið yfir Írum í 700 ár þegar Michael Collins kom fram á sjónarsviðið. Árið 1916 stofnaði hann leynisamtök sem börðust gegn yfirráðum Breta, her og lögreglu. Þessi barátta leiddi til þess að írska fríríkið var stofnað 1921 en þrátt fyrir velgengnina átti Michael Collins eftir að láta lífið fyrir málstaðinn.
00.55 Apollo 13. (e)
03.10 Höfuð upp úr vatni (e)
04.55 Dagskrárlok

LAUGARDAGUR

09.00 Eðlukrílin
09.10 Bangsar og bananar
09.15 Sögur úr Broca stræti
09.30 Bibí og félagar
10.25 Aftur til framtíðar
10.50 Heljarslóð
11.10 Ævintýri á eyðieyju
11.35 Úrvalsdeildin
12.00 Sjónvarpsmarkaður
12.15 NBA molar
12.45 Hver lífsins þraut (5:8) (e)
13.15 Leiðin til Afríku (e)
13.45 Enski boltinn
15.55 Súkkat (e)
17.00 Fagri Blakkur (e)
18.30 Glæstar vonir
19.00 19>20
20.05 Vinir (2:25)
20.35 Bræðrabönd (15:22)
21.05 Tvö andlit spegilsins
(The Mirror Has Two Faces)
Gregory Larkin telur sig hafa farið illa út úr samskiptum sínum við konur og kennir kynlífinu um. Hann óskar þess því að kynnast konu sem hann beri enga kynferðislega löngun til. Þegar Gregory hittir Rose Morgan þykist hann hafa fundið þá réttu og fljótlega ganga þau í hjónaband. Málin flækjast hins vegar þegar Rose fer að hafa sig til fyrir Gregory og hann finnur að hann á bágt með að hemja sig.
23.15 Myrkraverk
(Night Moves)
Spennumynd um einkaspæjarann Harry Moseby sem tekur að sér ýmis subbuleg verkefni sem aðrir líta ekki við. Dag einn biður fyrrverandi leikkona hann að finna dóttur sína, 17 ára vandræðaungling sem hlaupist hefur að heiman.
00.55 Leon (e)
02.45 Ræningjar á Drottningunni (e)
04.30 Dagskrárlok

SUNNUDAGUR

09.00 Sesam opnist þú
09.30 Bangsi litli
09.40 Mási makalausi
10.00 Svalur og Valur
10.25 Andinn í flöskunni
10.50 Frank og Jói
11.10 Húsið á sléttunni (13:22)
12.00 NBA kvennakarfan
12.30 Lois og Clark (12:22) (e)
13.15 Ógleymanleg kynni (e)
15.05 Ameríkumaður í París
16.55 Snillingurinn (e)
18.30 Glæstar vonir
19.00 19>20
20.05 Ástir og átök (1:25)
20.35 Rýnirinn (12:23)
21.05 Lækning ástarinnar
Elizabeth Taylor er hér í Óskarsverðlaunahlutverki sem fylgdardama karlmanna sem býr hjá móður sinni og lítur ekki á sig sem vændiskonu.
22.55 60 mínútur
23.45 Einkaspæjarinn (e)
01.25 Dagskrárlok

HELGAR veðrið

HELGAR sportið

ár er gengið frá ráðningu hans sem fyrsta framkvæmdastjóra. Olíusamlag útvegsmanna var til húsa að Aðalstræti 16 frá ársbyrjun 1951 og fram í maí 1982.

Á skömmtunartímunum á fyrstu árum Olíusamlags útvegsmanna var lánafyrirgreiðsla lítil og erfitt að útvega búnað þegar allir skapaðir hlutir voru skammtaðir. Til dæmis neitaði Fjárhagsráð um leyfi til að flytja inn olíuslöngur frá Bretlandi árið 1950. Fljótlega tókst þó að sigrast á byrjunarörðugleikunum og fór þá hagurinn að vænkast með auknum umsvifum. Árið 1961 kom nokkurt bakslag, „einkum vegna rekstursstöðvunar togaranna og þar af leiðandi minnkandi notkunar á jarðolíum“, eins og segir í fundargerð. Síðan jókst velta samlagsins jafnt og þétt og reksturinn skilaði yfirleitt ofurlitlum hagnaði, ef undan eru skilin nokkur ár á áttunda áratugnum, þegar óverulegur halli varð.

Eftir miðjan sjötta áratuginn var farið að huga að því að auka bensínsölu, „t.d. með því að útvega viðskiptavinum aðstöðu til að þvo bíla og greiða fyrir þeim með smurningu á bílum“. Smurstöð var komið upp að Fjarðarstræti 20A og var hún rekin í rúm tuttugu ár eða til 1979. Einnig var bílaþvottaplani komið upp í Shell-porti og var það í notkun fram á áttunda áratuginn.

Þegar kom fram á sjöunda áratuginn var orðið aðkallandi að flytja starfsemi Olíusamlagsins í annað húsnæði. Lengi vel var þó lítil hreyfing í þessu efni og þær hugmyndir sem upp komu náðu ekki fram að ganga. Loks kemst málið á rekspöl árið 1976 og fékk samlagið lóð fyrir þjónustumiðstöð á hafnarsvæðinu, við syðri enda bátahafnarinnar beint á móti Vélsmiðjunni Þór. Þar reis síðan mikið hús, Hafnarhúsið, eftir teikningum Ingimundar Sveinssonar arkitekts, og þangað flutti samlagið starfsemi sína 1. júní 1982, en að húsinu stóðu fleiri aðilar. Verða þá geysileg umskipti hjá fyrirtækinu, því að þá er flutt í nútímaleg húsakynni á hentugum stað, nálægt helstu viðskiptavinum og gegnt olíustöðinni.

Í hluta húsnæðisins kom OÚ upp verslun, sem smátt og smátt hefur verið að stækka og eflast að fjölbreytni. Verslunin, sem nú gengur undir nafninu Hafnarbúðin, er ein þeirra stærstu og glæsilegustu á Vestfjörðum.

Framkvæmdastjórar Olíusamlags útvegsmanna og síðan Olíufélags útvegsmanna hf. hafa aðeins verið tveir. Áður var nefndur Rögnvaldur Jónsson en 1. september árið 1968 tók við starfinu Vignir Jónsson, sem hafði þá skamman tíma starfað hjá fyrirtækinu en var áður skipstjóri á Júlíusi Geirmundssyni. Sama ár réðst Lára Helgadóttir, eiginkona Vignis, til starfa hjá fyrirtækinu, fyrst hálfan daginn hálfan mánuðinn, og hafa þau nú bæði unnið hjá þessu fyrirtæki í þrjátíu ár um þessar mundir.

Samlagsform félaga var barn síns tíma og kom að góðum notum á ýmsum sviðum, en átti í vök að verjast þegar kom fram á níunda áratuginn. Árið 1984 var Olíusamlagi útvegsmanna breytt í hlutafélag og var nafni félagsins þá jafnframt breytt í Olíufélag útvegsmanna hf. Stærstu hluthafarnir voru útgerðarfyrirtækin Gunnvör og Hrönn með 24% hlut hvort fyrirtæki og Hraðfrystihúsið Norðurtangi með um 30% hlut. Undir það síðasta hafa orðið mikið umskipti á eignarhaldi í OÚ og er nú Gunnvör aðaleigandi með 95,58% hlut og nú telst Olíufélag útvegsmanna því dótturfyrirtæki Gunnvarar.

Mikill stöðugleiki hefur verið í stjórn félagsins, sérstaklega á árunum 1969-96, þegar hún var óbreytt, skipuð Guðmundi Guðmundssyni, Jóni Páli Halldórssyni og Jóhanni Júlíussyni. Fyrsti stjórnarformaður var Arngrímur Fr. Bjarnason og sat hann í ellefu ár eða til 1959. Guðmundur Guðmundsson var fyrst kosinn í aðalstjórn árið 1959 og sat í stjórn samfellt til 1997 eða í 38 ár, þar af formaður frá 1961 eða 36 ár. Núverandi stjórn er skipuð þeim Kristjáni G. Jóhannssyni, sem er formaður, Magnúsi Reyni Guðmundssyni og Láru Helgadóttur, sem er fyrsta konan í stjórn fyrirtækisins.

ÍSAFJARÐARBÆR

GJALDKERI

Laus er til umsóknar staða gjaldkera á bæjarskrifstofunum á Ísafirði. Starfshlutfall 100%. Helstu verkefni: Gjaldkeri sér um greiðslu reikninga og tekur á móti greiðslum, annast sjóðsuppgjör o.fl. Stúdentspróf eða sambærileg menntun auk starfsreynslu af skrifstofustörfum æskileg. Umsóknarfrestur er til 19. ágúst nk. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun samkvæmt kjarasamningi Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á bæjarskrifstofunum en frekari upplýsingar veitir Þórir Sveinsson fjármálastjóri eða Þorleifur Pálsson bæjarritari.

Ísafjarðarbær

ÓSKA EFTIR 4RA HERBERGJA Á EYRINNI Á ÍSAFIRÐI FYRIR STARFSMANN.
UPPLÝSINGAR GEFUR SIGGA ÞRASTAR Í SÍMA 456 4442

FRUMMYND - VÍDEÓHÖLLIN
við Norðurveg, sími 456 4853
Opið mánudaga - föstudaga
frá kl. 13:00-23:30,
laugardaga kl. 11:00-23:30
og sunnudaga kl. 14:00-23:30

Pottþétt 12
Pottþétt diskó
Beastie Boys
Grease
The Corrs
Modern Talking
Sumarið ´98
Mikið úrval af klassískum diskum

Nýjar myndir
Gone Fishin´
Jafnvel fiskarnir hlæja að þeim!

Wag the Dog
Gamanmynd um réttlæti, sannleika, og aðrar tæknibrellur

Nýtt! - Nýtt!
SEG sjónvarpstæki
14" á kr. 18.900.- stgr.
20" á kr. 24.900.- stgr.
21" á kr. 27.900.- stgr.
28" á kr. 44.900.- stgr.
28" 100MHZ á kr. 75.900.- stgr.
33" á kr. 89.900.- stgr.
33" 100 MHZ á kr. 109.900.- stgr.
Daewoo vídeó á kr. 19.900.- stgr.

TV 1000 GERVIHNATTA sjónvarpið

TV2 NORGE · TV3 D+N+S · TV DANMARK · KANAL 5 SVERIGE · MTV EUROPE · DR2 DANMARK · CNN USA · NRK 2 NORGE · NRK 1 NORGE · BBC PRIME ENGLAND · CARTOON TNT - USA · CANAL+ NORGE DANMARK

MIÐVIKUDAGUR

13.45 Skjáleikurinn
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Myndasafnið
18.30 Ferðaleiðir
19.00 Lögregluskólinn (21:26)
20.00 Fréttir og veður
20.35 Víkingalottó
20.40 Laus og liðug (7:22)
21.05 Skerjagarðslæknirinn (3:6)
22.05 Heróp (13:13)
23.00 Ellefufréttir
23.15 Barist um genin
Umræða um gagnagrunnsfrumvarp heilbrigðisráðherra. Þátttakendur: Kári Stefánsson forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar og Jón Jóhannes Jónsson yfirlæknir Rannsóknardeildar Landspítalans.
23.45 Skjáleikurinn

FIMMTUDAGUR

13.45 Skjáleikurinn
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Krói (15:21)
18.30 Undraheimur dýranna (5:13)
19.00 Loftleiðin (24:32)
20.00 Fréttir og veður
20.35 Frasier (21:24)
21.00 Melissa (3:6)
Breskur sakamálaflokkur byggður á sögu eftir Francis Durbridge.
22.00 Saksóknarinn (19:21)
23.00 Ellefufréttir
23.15 Skjáleikurinn

FÖSTUDAGUR

13.45 Skjáleikurinn
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Þytur í laufi (51:65)
18.30 Úr ríki náttúrunnar
19.00 Fjör á fjölbraut (9:14)
20.00 Fréttir og veður
20.35 Ronnie og Julie
(Ronnie and Julie)
Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1996 um tvö ungmenni sem fella hugi saman en eiga foreldra sem eru keppinautar í stjórnmálum.
22.20 Fanny
(Fanny)
Bandarísk bíómynd frá 1961 byggð á samnefndu leikriti eftir Marcel Pagnol.
00.30 Saksóknarinn (14:21)
01.20 Útvarpsfréttir
01.30 Skjáleikurinn

LAUGARDAGUR

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.30 Hlé
10.55 Formúla 1
Bein útsending frá tímatöku á Hungaroring brautinni í Ungverjalandi, hlykkjóttri braut með lítið grip sem veldur erfiðleikum við stillingu bílanna. Kappaksturinn fer fram á sunnudag.
12.55 Skjáleikurinn
16.45 Auglýsingatími
17.00 Íþróttaþátturinn
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Rússneskar teiknimyndir
18.30 Furður framtíðar (1:9)
(Future Fantastic)
Breskur heimildarmyndaflokkur fyrir börn og fullorðna um heiminn á komandi tíð. Kynnir er Gillian Anderson.
19.00 Strandverðir (10:22)
20.00 Fréttir og veður
20.35 Lottó
20.40 Georg og Leó (15:22)
21.10 Dauðinn á Everesttindi
(Death on Everest)
Bresk sjónvarpsmynd frá 1997 sem segir frá örlagaríkum leiðangri á hæsta fjall jarðar í maí 1996.
22.45 Boltabullur
(I.D.)
Bresk spennumynd frá 1995 um lögreglumann sem sendur er í dulargervi inn í gengi fótboltaáhangenda.
00.30 Útvarpsfréttir
00.40 Skjáleikurinn

SUNNUDAGUR

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
11.00 Hlé
11.30 Formúla 1
Bein útsending frá kappakstrinum á Hungaroring brautinni í Ungverjalandi, hlykkjóttri braut með lítið grip sem veldur erfiðleikum við stillingu bílanna.
13.40 Skjáleikurinn
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Morgunverður í frumskóginum
(Jungle Breakfast)
Leikin mynd fyrir börn gerð í samvinnu þýska og sænska sjónvarpsins.
18.15 Tómas og Tim (4:6)
18.30 Börn í Nepal (2:3)
19.00 Geimferðin (5:52)
20.00 Fréttir og veður
20.35 Emma í Mánalundi (13:26)
21.30 Landið í lifandi myndum (3:5)
Perlan í Djúpinu
Þriðja myndin af fimm í þáttaröð um náttúru, sögu og mannlíf á nokkrum afmörkuðum svæðum á Íslandi. Fjallað er um líf og starf fólksins í eyjunni Vigur á Ísafjarðardjúpi þar sem sama fjölskyldan hefur búið í meira en hundrað ár. Fylgst er með æðarvarpi, lundaveiði, fjárflutningum til lands á 200 ára gömlum áttæringi og fleiru sem telst til daglegs lífs á þessari ævintýraeyju.
22.25 Helgarsportið
22.45 Sigrún Ástrós
00.30 Útvarpsfréttir
00.40 Skjáleikurinn

Söluaðili gervihnattabúnaðar: Frum-Mynd, v/ Norðurveg Ísafirði, sími 456 4853

AUGLÝSINGAR OG ÁSKRIFT 456 4560
Netfang ritstjórnar bb@snerpa.is

ENGIN SPURNING!

BÍLATANGI
Ísafirði
Símar 456 3800 og 456 4580

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

BÍLATANGI
Ísafirði
Símar 456 3800 og 456 4580

Hnífsdalur

Innbrot og skemmdarverk unnin

Þegar fjölskylda í Hnífsdal kom heim úr ferðalagi í síðustu viku blasti við heldur ófögur sjón: Allt var á tjái og tundri í húsinu, litlu hafði reyndar verið stolið en fyrst og fremst unnin skemmdarverk. Væntanlega hefur þetta verið gert um verslunarmannahelgina.

Um síðustu helgi var aftur tilkynnt um innbrot í Hnífsdal og þá í geymslu í fjölbýlishúsi. Ummerki voru svipuð, litlu stolið en skemmdir unnar. Málin eru í rannsókn og biður lögreglan alla þá sem geta veitt einhverjar upplýsingar að hafa samband.

Vonsvikinn veislugestur

Margir góðir gestir voru í 40 ára afmælisfagnaði Mjólkárvirkjunar sem Orkubú Vestfjarða efndi til á laugardaginn. Meðal þeirra var þessi hundur, Nonni að nafni, búsettur í Hnífsdal, sem kom prúðbúinn í samkvæmið og hefur e.t.v. misskilið eitthvað í sambandi við nafn virkjunarinnar og haldið að þarna yrði boðið upp á mjólk. Sjá nánar á bls. 9.

Haust-vörurnar streyma inn
vestur sport
Sími: 456 3602

DAEWOO
SAMSUNG
COBY
SONY
ATV
AIWA
PANASONIC
Frum-mynd Vídeóhöllin
Við Norðurveg • Sími: 456 4853

Ísafjörður

Fagranesið á leið til Grænlands

Ferjan Fagranes fer í fjögurra sólarhringa ferð til Grænlands sunnudaginn 16. ágúst og falla niður allar áætlunarferðir skipsins um Ísafjarðardjúp á meðan.

Skipið fer til Mikisfjarðar á austurströnd Grænlands og stendur til að hafa viðkomu á tveimur stöðum til viðbótar.

Ástæða Grænlandsferðarinnar er sú að skipið er að fara með eldsneyti fyrir kanadískan rannsóknarflokk, eins og segir í frétt frá útgerð skipsins. Var tímasetningin valin með tilliti til þess að lítill ís er á þessum slóðum um þegar mundir.

Ákærður fyrir að stofna lífi manns í hættu í Æðey

Skaut að félaganum úr Colt-riffli

Ísfirðingur á fimmtugsaldri hefur verið ákærður fyrir að hafa stofnað lífi annars manns í stórhættu með því að hafa skotið tveimur til þremur skotum af öflugum Colt-riffli í glerflösku sem stóð á borði rétt fyrir framan manninn sem þar sat í sófa. Við skotin brotnaði flaskan en skotin lentu í vegg hússins. Atburður þessi átti sér stað í febrúar síðastliðnum í Æðey á Ísafjarðardjúpi.

Lögregla fór á báti út í Æðey og handtók mennina tvo þegar grunur lék á að verið væri að nota skotvopn með ólöglegum hætti. Ákærða í málinu er gefið að sök að hafa verið undir áhrifum áfengis þegar hann framdi verknaðinn. Hann er einnig ákærður fyrir að hafa ráðist á félaga sinn og veitt honum tvö hnefahögg í andlitið. Auk þess er maðurinn ákærður fyrir að hafa skotið af rifflinum án þess að hafa skotvopnaleyfi.

Á fimmtudag í síðustu viku krafðist Sýslumaðurinn á Ísafirði þess fyrir Héraðsdómi Vestfjarða að ákærði yrði dæmdur til refsingar og gert að sæta upptöku á umræddum riffli.

Ráðgert var í síðustu viku að aðalréttarhöld í málinu hæfust í þessari viku.

Sumarbyggð í Súðavík

Fyrsta fullbúna íbúðin í leigu

Fyrsta fullbúna íbúðin hjá Sumarbyggð hf. í Súðavík var frágengin og afhent til tímabundinnar leigu sl. föstudag. Félagið var stofnað fyrir nokkrum vikum, eins og greint var frá hér í blaðinu, í þeim tilgangi að leigja út hús og íbúðir í Súðavík yfir sumartímann. Að undanförnu hefur aðeins verið hægt að bjóða upp á svefnpokapláss í þeim húsum og íbúðum sem félagið hefur yfir að ráða, en nú hefur verið gengið frá fyrstu íbúðinni með öllum búnaði, rúmum, borðbúnaði og sjónvarpi og öllu sem til þarf. Önnur íbúð verður gerð klár á sama hátt innan skamms. Leigutíminn er að jafnaði ein vika.

Dagbjört Hjaltadóttir, framkvæmdastjóri Sumarbyggðar hf. (t.h.), afhendir í fyrsta sinn lyklana að fullbúinni íbúð.

Mikið hefur verið um fyrirspurnir undanfarnar vikur enda hentugt að geta fengið slíka bækistöð til íbúðar í sumarfríinu. Hægt er að velja um einbýlishús, parhús og íbúðir í fjölbýlishúsi.

1978-1998 20
2 fyrir 1 til Bandaríkjanna
1978-1998 20
Samvinnuferðir-Landsýn
Söluskrifstofa • Hafnarstræti 7
Ísafirði • Sími 456 5390

OPNUNARTÍMI Í ÁGÚST!
Snyrtihús Sóleyjar
Hafnarstræti 9 • Sími: 456 5280
Opið alla virka daga
kl. 13:00 - 18:00

Elo
Sími: 456 4211
Þín verslun
SÚPERVÖRUR
SÚPERVERÐ!
BJÖRNSBÚÐ er opin alla virka daga frá kl. 9 til 23
Laugardaga og sunnudaga frá kl. 10 til 23
...vestfirsk verslun!